

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn

UU
ÚRVAL ÚTSÝN

ÁVALLT SÓL SKÍN MEÐ ÚRVAL ÚTSÝN

BENIDORM

VERÐ FRÁ 81.900 KR.*

ALBIR

VERÐ FRÁ 81.900 KR.*

ALICANTE

VERÐ FRÁ 82.900 KR.*

LLORET DE MAR

VERÐ FRÁ 114.900 KR.*

TOSSA DE MAR

VERÐ FRÁ 95.900 KR.*

TENERIFE

VERÐ FRÁ 88.900 KR.*

KANARÍ

VERÐ FRÁ 62.900 KR.*

ALMERÍA

VERÐ FRÁ 68.900 KR.*

CALPE

VERÐ FRÁ 71.900 KR.*

MEÐ ÍSLENSKRI
FARARSTJÓRN
SKOÐUNARFERÐIR
Í BOÐI

SÓLARDAGAR

TAKMARKAÐ MAGN GISTINGA Á
TILBOÐSVERÐI BÓKAÐU Á UU.IS

★ TILBOÐSVERÐ Í SÓL ★

APARTAMENTOS DOROTEA **
KANARÍ

3.-10. JÚNÍ
Íbúð með tveimur svefnherbergjum

VERÐ FRÁ 62.900 KR.
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 81.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BULL EUGENIA VICTORIA & SPA ***
KANARÍ

10.-17. JÚNÍ
Tvíbýli með hálfu fæði

VERÐ FRÁ 109.900 KR.
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 118.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLF
FÆÐI

BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL ***
KANARÍ

24. JÚNÍ - 1. JÚLÍ
Smáhýsi með tveimur svefnherbergjum

VERÐ FRÁ 98.900 KR.
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 122.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

VITAL SUITES ****
KANARÍ

26. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER
Junior svíta með morgunverði.

VERÐ FRÁ 126.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 149.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

CORAL LOS ALISIOS ****
TENERIFE

22.-29. MAÍ
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 95.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

THE SUITES AT BEVERLY HILLS ***
TENERIFE

26. JÚNÍ - 3. JÚLÍ
Stúdíó

VERÐ FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 121.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GRAN OASIS RESORT ****
TENERIFE

28. ÁGÚST - 4. SEPTEMBER
Svíta með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 99.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 136.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

NÝTT Í
SÓLU

ALBIR PLAYA ****
ALBIR

10.-17. MAÍ
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 81.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 98.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

LARIMAR APARTMENTS ***
CALPE

21. - 31. MAÍ
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 114.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

MAGIC TROPICAL SPLASH ***
BENEDORN

21.-28. JÚNÍ
Silver íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði

VERÐ FRÁ 157.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 188.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

GRAN GARBÍ MÆR ****
LLORET DE MAR

30. MAÍ - 8. JÚNÍ
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 113.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð frá 122.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

SKEMMTILEGT
FYRIR BÖRN

GUITART GOLD CENTRAL PARK AQUA RESORT ****
LLORET DE MAR

20.-29. JÚNÍ
Tvíbýli Gold með morgunverði

VERÐ FRÁ 123.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 152.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

SKEMMTILEGT
FYRIR BÖRN

GHT TOSSA PARK APARTMENTS ***
TOSSA DEL MAR

15. - 24. ÁGÚST
Íbúð með einu svefnherbergi

VERÐ FRÁ 134.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 162.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

PIERRE VACANCES ***
ALMERÍA

31. MAÍ - 7. JÚNÍ
Íbúð með tveimur svefnherbergjum

VERÐ FRÁ 62.900 KR.
Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BEST SABINAL ****
ALMERÍA

28. JÚNÍ - 5 JÚLÍ
Tvíbýli með hálfu fæði

VERÐ FRÁ 119.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 142.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

HÁLF
FÆÐI

NEPTÚNO ****
ALMERÍA

23.-31. ÁGÚST
Tvíbýli með morgunverði

VERÐ FRÁ 119.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 146.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BÓKAÐU SÓL Á UU.IS
VINSÆLAR GISTINGAR BÓKAST FYRST
FERÐUMST Á BETRA VERÐI FRÁ 62.900 KR.



Fleiri hrottalegar árásir á Tenerife

Innlent **2**

Fleiri Íslendingar á Tenerife eru fórnarlömb ofbeldis og rána sem þykja svipa til hrottafenginnar árásar á íslenskra feðga.



14 prósent þjóðarinnar býr í útlöndum

Innlent **4**

Tæplega 50 þúsund íslenskir ríkisborgarar eru búsettir í útlöndum, eða nærri 14 prósent þjóðarinnar.



Erfitt að vera umhverfisvænn

Fréttaskýring **6**

Ákvarðanir hins meðvitaða neytanda eru síður en svo alltaf einfaldar á tímum aukinnar umhverfis- og loftslagsumræðu.



Samdi lag til 5 ára sjálfrar sín

Tónlist **32**

Tónlistarkonan og lagasmiðurinn Hildur hefur nóg að gera um þessar mundir og vinnur að sinni fyrstu sólóplötu.

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Heimurinn



Víðtalið / Erla Bolladóttir

„Þögn forsætisráðherra meiddir“

Það er Erlu Bolladóttur þungbært að sök hennar skuli enn standa í máli sem varð til þess að hún var útskýfuð og hötuð í áratugi. Í Mannlífi tjáir Erla sig um afhjúpanir í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu sem komu nýlega fram í sjónvarpsþáttunum Skandall og framkomu stjórnvalda í garð sexmenninganna sem máttu þola einangrun og pyntingar.



BIRTINGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:

Halldór Kristmannsson

Frankvæmdastjóri:

Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir

Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jónsson,

Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson

Umbrot og hönnun: Ivan Burkni

Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson

Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Umsjónarmenn:

Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,

Sigríður Elín Ásmundsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir

Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson

Forsíða Mannlífs: Hallur Karlsson

Förðun: Björg Alfreðsdóttir, alþjóðlegur

förðunarfræðingur YSL á Íslandi

Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is

Prentun: Landsprent

Dreifing: Póstdreifing



Hádegismúum 2, 110 Reykjavík | sími 569 1100
landsprent.is



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri



Magnús Geir Eyjólfsson
Fréttastjóri



Guðný Hrónn Antonsdóttir
Vefstjóri Mannlífs



Egill Páll
Egilsson



Magnús
Guðmundsson



Hanna Ingibjörg
Arnarsdóttir



Sigríður Elín
Ásmundsdóttir



Steingerður
Steinarsdóttir

BLAÐAMENN

Elín Bríta Sigvaldadóttir, Bergþóra Jónsdóttir,
María Erla Kjartansdóttir, Folda Guðlaugsdóttir,
Guðrún Óla Jónsdóttir, Sigrún Guðjohnsen, Steinar Fjeldsted

LJÓSMYNDARAR

Aldís Pálsdóttir yfirljósmyndari, Hallur Karlsson,
Hákon Davíð Björnsson

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðriður Haraldsdóttir, Ragnheiður Linnet

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?
Sendu ábendingu á
ritstjorn@mannelif.is.



Innlent

SAKAMÁL

Texti / Roald Eyvindsson

„Ég lít ekki Tenerife sömu augum eftir þetta“

Íslensk kona segir fleiri Íslendinga hafa orðið fyrir árásum á hinum vinsæla ferðamannastað Tenerife.

Mannlíf hefur heimildir fyrir því að árásin á íslensku feðgana á Tenerife, sem var greint frá í síðasta tölublaði, sé ekkert einsdæmi. Íslensk kona sem vill ekki láta nafns síns getið segir í samtali við Mannlíf að ráðist hafi verið með hrottafengnum hætti á tvo íslenska karla þar í janúar á þessu ári og að árásarmennirnir hafi beitt svipuðum aðferðum og í máli feðganna sem var byrjað ólyfjan, þeir rændir og beittir ofbeldi.

Þetta voru mjög alvarlegar árásir. Annar mannanna var barinn og rændur. Hinn var ekki rændur en hann var laminn – mjög illa. Hann var með það mikla áverka á höfði að hann fékk blæðingu inn á heila, þurfti að vera í hjólastól og var í tímabundnu flugbanni. Þessir menn þurftu báðir að dvelja á spítala eftir þetta, “ lýsir konan sem var þá sjálf nýkomin til Tenerife og gisti á sama hóteli og mennirnir tveir þegar atvikið átti sér stað.

Hún segir fólk og einkum Íslendinga á svæðinu hafa verið slegna óhug vegna árásarinnar. „Fólk var hreinlega í áfalli. Sjálfri stóð mér ekki á sama, mér leið ekki vel og ég var mjög órugg eftir þetta, enda var hótelið okkar bara í fimm mínútna göngufjarlægð frá verslunargötunni þar sem árásin var framin.“ Umrædd gata heitir, að hennar sögn, Veronicas og er mjög vinsæll viðkomustaður meðal Íslendinga á Tenerife. Gatan er einmitt sú sama og þar sem ráðist var á íslensku feðgana fyrrnefndu; þegar ólyfjan var sett út í gosdrykki þeirra á veitingastað einum, Joyce, með þeim afleiðingum að þeir rotuðust, voru rændir og skildir eftir á bak við ruslagám, þar sem þeir komust svo til meðvitundar um fjórum klukkustundum síðar, illa áttaðir og lemstraðir.

Teknar nauðugar og skildar eftir illa farnar

Segir konan að fleiri atviki af þessum toga hafi komið upp á Tenerife á meðan hún dvaldi þar. Til dæmis hafi verið ráðist á tvær erlendar konur á svæðinu, á svipuðum tíma og árásin á Íslendingana tvo átti sér stað. „Konurnar, sem ég held að hafi verið breskar, voru teknar nauðugar og skildar eftir illa farnar,“ lýsir hún, en erlendir fjölmiðlar hafa undanfarið greint frá svipuðum tilfellum. Þannig fjallaði írski útgáfan af The Independent til dæmis í síðasta mánuði um svipaðar árásir á írski ferðamann á Tenerife og í einu tilfelli virðist maður hafa horfið sporlaust. „Þetta er mjög óhugnanlegt allt saman. Það er eins og það sé einhver faraldur þarna,“ segir konan.

Spurð hvort hún viti til þess að mál Íslendingana tveggja sé upplýst segist hún ekki vita það. Hún viti því ekki hverjir voru að verki, hvort til dæmis rúmenska mafían sem er talin tengjast árásinni á feðgana, eins og greint var frá á mannlif.is, eigi hluti að máli.

„Eina sem ég veit er að þegar við vorum þarna þá var eins og það væri verið að reyna að þagga þetta mál svolítið niður. Eins og menn vildu ekki að þetta spyrðist út, af ötta við að það kynni að skemma fyrir túrismanum,“ segir hún. „Sjálf hef ég margoft verið þarna en ég lít ekki Tenerife sömu augum eftir þetta.“

”

„Þetta voru mjög alvarlegar árásir. Annar mannanna var barinn og rændur. Hinn var ekki rændur en hann var laminn – mjög illa. Hann var með það mikla áverka á höfði að hann fékk blæðingu inn á heila.“

MIDBÆJARDAGAR
2.—5. MAÍ 2019

Í VERSLUNUM GEYSIS
Á SKÓLAVÖRDUSTÍG

20  20

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*

GEYSIR



Innlent

ISLENDINGAR Í ÚTLÖNDUM



Útlendingar keyra áfram fólksfjölgun

Frá aldamótum eru brottfluttir Íslendingar umfram aðflutta rúmlega **11.600** talsins. Aðeins árin **2000**, **2005** og **2017** voru aðfluttir Íslendingar fleiri en brottfluttir.

Mestur var brottflutningurinn á árunum eftir bankahrunið, frá **2009 til 2011**. Árið **2009** voru brottfluttir Íslendingar umfram aðflutta tæplega 2.500 talsins.

Erlendis ríkisborgarar hafa því séð um að viðhalda mannfjöldaaukningu á Íslandi. Frá aldamótum eru aðfluttir erlendir ríkisborgarar rúmlega **44 þúsund** umfram brottflutta.

brottfluttir

Flóttinn ekki svo mikli




■ Á fyrstu árum eftir bankahrunið var mikið fjallað um brottflutning Íslendinga og þá sér í lagi til Noregs. Var þeirri skoðun haldið mjög á lofti að brostinn væri á landflótti sem myndi hafa alvarlegar félagslegar og efnahagslegar afleiðingar í för með sér. En staðreyndin er sú að brottflutningur Íslendinga á þessu tímabili var síst meiri en hann var á öðrum samdráttarskeiðum þótt vissulega hafi hann verið umtalsverður. Þetta kemur fram í skýrslu Ólafar Garðarsdóttur sem gerð var fyrir velferðarráðuneytið árið 2011.



Ólöf Garðarsdóttir.

„Flestir innflytjendur sem komu hingað á þensluskeiðinu komu frá löndum þar sem atvinnuleysi var mun meira en á Íslandi.“

og árið 2012 eru brottfluttir umfram aðflutta 936 og aðeins 36 árið á eftir. Það spilar inn í að á þessu tímabili var efnahagsástandið erfitt nánast um allan heim. Atvinnuleysi var mikið alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu ef undan er skilinn Noregur þar sem mikil uppsveifla var. Enda fóru langflestir Íslendingar á þessum tíma til Noregs. Það er einnig athyglisvert að brottflutningur á meðal útlendinga sem komu til Íslands í göðærinu var minni en meðal Íslendinga, jafnvel meðal þeirra útlendinga sem höfðu verið hér í stuttan tíma. Það skýrist af því að flestir innflytjendur sem komu hingað á þensluskeiðinu komu frá löndum þar sem atvinnuleysi var mun meira en á Íslandi.



14% íslensku þjóðarinnar býr í útlöndum

Tæplega 50 þúsund íslenskir ríkisborgarar eru búsettir í útlöndum, eða nærri 14 prósent þjóðarinnar. Þótt meirihluti brottfluttra Íslendinga flytji aftur til landsins á einhverjum tímavarki þá er það regla fremur en undantekning að brottfluttir Íslendingar séu fleiri en aðfluttir.

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson

Í nýútkominni skýrslu utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál er að finna tölur um fjölda Íslendinga sem búsettir eru í útlöndum. Alls eru þeir **49.218** talsins og eru þær tölur byggðar á tölum Þjóðskrár og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Langstærstur hluti þessa hóps er búsettur á Norðurlöndum og búa tæplega **30** þúsund manns í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Íslendingar eru einnig fjölmennir í Bandaríkjunum en þar eru um **6.800** Íslendingar skráðir til heimilis. Inni í þessum tölum eru ekki þeir fjölmargir Íslendingar sem eiga fasteignir á suðrænum slóðum og dvelja þar hluta úr ári. Einnig þarf að taka fram að tölulegar upplýsingar um Íslendinga í útlöndum eru ekki einhlítar. Þannig berast upplýsingar um andlát oft seint og um síðir og einhverjir kunna að hafa tvöfalt ríkisfang og eru jafnvel með lítil tengsl við landið. Er þetta til að mynda börn íslenskra ríkisborgara sem fæðast erlendis.

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor í félagsögu við Háskóla Íslands,

áætla þrátt fyrir þetta að þessar tölur séu nærri lagi enda séu Íslendingar mjög hreyfanlegir í sam- anburði við aðrar þjóðir. Þannig eru Íslendingar tvöfalt líklegri til að flytja á milli landa en Danir og þrisvar til fjórum sinnum líklegri en Svíar. „Það má segja að það sé orðin ákveðin flutningshefð á meðal Íslendinga. Tíðnin hefur verið nokkuð stöðug allar götur frá 8. áratugnum og hefur verið um **8 til 10** af hverjum **1.000** íbúum. Hún sveiflast svo eftir árferði og á árunum eftir hrun var tíðni brottfluttra Íslendinga **15 af 1.000** íbúum,“ segir Ólöf en bendir um leið á að meirihluti þessa fólks skili sér aftur til Íslands á einhverjum tímavarki. Þannig eru **70** prósent þeirra sem flytja til útlanda flutt aftur heim innan sjö ára.

Hrunin ýta undir brottflutning

Á síðari hluta 20. aldar og í byrjun þeirrar 21. má greina nokkur tímabil þar sem brottflutningur færir mjög í aukana, til að mynda í lok 7. áratugarins þegar margir Íslendingar freistuðu gæfunnar

erlendis í kjölfar hruns síldarstofnsins og mikils atvinnuleysis hér á landi. Almennt helst brottflutningur í hendur við tíðarfar en um miðjan 10. áratuginn varð töluverð aukning sem rekja má til gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

„Við höfum alltaf haft þessi tengsl við Danmörku og okkar menntuðu stéttir sóttu löngum þangað. Svo eykst það enn frekar þegar menntabyltingin hófst á 8. áratugnum og þá varð hópurinn enn fjölbreyttari. Þó er mikilvægt að hafa í huga að það eru ekki einvörðungu menntamenn sem flytjast erlendis. Þeir sem fóru héðan á atvinnuleysisárunum um 1970 voru t.d. að verulegum hluta verkafólk. Norðurlönd hafa alla jafna verið fyrsti valkostur því þar höfum við notið allra sömu réttinda og á Íslandi en þær dyr opnuðust líka annars staðar í Evrópu með tilkomu EES.“

Efnahagsástand annars staðar skiptir einnig máli og hefur jafnvel haft þau áhrif að brottflutningur er minni

en hann hefði ella orðið. Þannig skall olúkreppan á ekki löngu eftir hrun síldarstofnsins sem að líkindum hefur hægt á brottflutningi Íslendinga. Það sama var uppi á teningnum við fjármálahrunið en þar var Noregur undantekningin, líkt og rakið er hér til hliðar.

Óvenju margir í Ástralíu

Það vekur athygli að samkvæmt gögnum utanríkisráðuneytisins eru um **500** Íslendingar búsettir í Ástralíu sem er ekki beint í alfararleið fyrir Íslendinga. Ólöf segir líklegt að það megi rekja til brottflutninganna undir lok 7. áratugarins. „Það var mikil uppsveifla á Vesturlöndum á þessum tíma og víða voru lönd að sækja sér vinnuafli að utan. Þannig sóttu Danir og Þjóðverjar til dæmis marga Tyrki. Ástralir sóttust líka eftir fólki í ákveðnum greinum og Íslendingum var boðið að koma til Ástralíu og í mörgum tilfellum var borgað fargjald og útvegað húsnæði og það var þá gegn skuldbindingu um að vera í Ástralíu í tiltekinn tíma.“

Hvað skýrir viðvarandi brottflutning?

➔ Neikvæður flutningsjöfnuður er ekki óvenjulegur á Íslandi enda hefur fjöldi brottfluttra Íslendinga verið meiri en fjöldi aðfluttra nær allar götur frá **1961**. Hversu mikið neikvæður hefur svo ráðist af aðstæðum hverju sinni. Á þessari öld hefur flutningsjöfnuður íslenskra ríkisborgara aðeins verið jákvæður í þrjúgang, árin **2000**, **2005** og **2017**.

➔ Ástæður fyrir brottflutningi Íslendinga eru margvíslegar og oft margir undirliggjandi þættir til grundvallar. Nærtækasta skýringin er alla jafna efnahagsástandið hverju sinni og er sterk fylgni við **hagvöxt, atvinnuástand og verðbólgu**. Þannig urðu miklir brottflutningar undir lok sjúnda áratugarins þegar síldarstofninn hrundi, svo og á árunum eftir bankahrun.

➔ Með tilkomu **EES-samningsins** varð talsverð aukning í fjölda brottfluttra Íslendinga. Íslendingar urðu hluti af evrópskum vinnumarkaði, búferlaflutningar urðu mun auðveldari sem og aðgengi að hvers konar námi. Áður gátu Íslendingar aðeins búið og starfað að vild á **Norðurlöndum** en EES-samningurinn veitti Íslendingum sama tækifæri í öllum EES-löndum.

➔ Önnur möguleg skýring og listuð er í samantekt **ASÍ í janúar 2016 er einhæf fjölgun starfa á íslenskum vinnumarkaði**. Í uppgangi síðustu ára hefur fjölgun starfa að mestu leyti verið drifin áfram af uppgangi í mannaflsrekum greinum á borð við **ferðapjónustu og tengdum greinum**. Þær greinar hafa hins vegar litla þörf fyrir **iðn- og háskólamenntað vinnuafli**.



kjarninn

FRÉTTASKÝRING



Tilvistarkrísá hins **góða** neytanda

Plastið er orðið tákn þeirrar umhverfisvárs sem íbúar jarðarinnar glíma við og hefur gríðarleg vitundarvakning átt sér stað á síðustu misserum og árum.

Með miklu upplýsingaflæði geta ákvarðanir þeirra sem vilja vera meðvitaðir neytendur flækst fyrir þeim; hvað skal versla og í hverju á að bera það heim. Svo er spurning hvort þetta skipti yfirhöfuð einhverju máli í stóra samhenginu?

Í flóknum heimi hraðra breytinga getur reynst erfitt að fóta sig sem neytandi – og fólk hlýtur að velta því fyrir sér hver áhrif þess eigin neyslu og lífnaðarháttá séu. Plastnotkun hefur orðið ákveðin táknmynd þeirra vandamála sem mannkynið stendur frammi fyrir og ekki er óalgengt að rekast á myndir af urðunarstöðum fullum af plastpokum, maga sjávardýra útbelgda af plastúrgangi og fuglum með kippuplast fast um hálsinn með fréttum eða póstum á samfélagsmiðlum. Raunveruleikinn vekur því ugg og ákveðinnar viðhorfsbreytingar gætir varðandi umhverfisvernd og loftslagsmál á síðustu árum.

Margar spurningar vakna þegar að því kemur að ákveða hvernig best sé að snúa þessari þróun við – er það til að mynda einungis stjórnvalda og fyrirtækja að setja lög og reglur fyrir fólk að fylgja eða getur hver og ein manneskja haft sín áhrif? Við flóknum vandamálum eru oft flókin svör og er plastvandinn eitt þeirra vandamála. Ein skilaboð sem neytendur hafa fengið er að sleppa því að kaupa plastpoka í verslunum og nota pappír- eða fjölnota poka í staðinn til að bera vörurnar heim. Þetta virðist þó ekki vera svo einfalt þegar fleiri þættir eru skoðaðir, eins og kolefnisspor pokanna og þegar kostir og ókostir þeirra eru bornir saman byrja málin að flækjast.

Tekur allt að því þúsund ár að grotna niður

Ekki er auðvelt að svara því hvort pappírspokar eða plastpokar séu umhverfisvænni, eða þá fjölnota poka. Bandaríska blaðið The New York Times fjallaði um málið í mars síðastliðnum og þar er bent á að plastpokar, sem grotna margir ekki niður fyrir en að árhundruðum loknum,

”

„Vandmálið er að við ofnotum plastið og framleiðum einnota vörur. Við þurfum að búa til vörur sem endast.“

– Elva Rakel Jónsdóttir

geti skapað mikið úrgangsvandamál. Hins vegar úrheimti framleiðsla pappírspoka meiri orku og útblástur gróðurhúsalofttegunda, sem sé ekki gott út frá loftslagsbreytingum.

Endurnýtanlegir pokar geti þannig verið ágætis málamiðlun ef passað er upp á þá og þeir notaðir mikið. Það sem sett sé í pokann hafi þó á endanum meiri áhrif á umhverfið en hvaða tegund af poka notaður sé. Vandinn við plastpokana er sá að þeir enda iðulega á ruslahaugunum og aðeins örlítill hluti þeirra er nokkurn tímann enduruninn. Meirihluti þeirra er því urðaður, þar sem það getur tekið þá allt að því þúsund ár að grotna niður. Jafnframt fylgir plastpokanum sá galli að hann er léttur og fýkur auðveldlega út í náttúruna og veldur þar miklum skaða.

Pappírspokinn ekki gallalaus

Pappírspokinn er ekki heldur gallalaus þrátt fyrir að grotna hraðar niður en plastpokinn. Í grein The New York Times er bent á að þegar litið er á hlutina út frá útblæstri þá séu pappírspokarnir mun verri en plastpokarnir. Þó svo að pappírspokar séu úr trjám, sem séu tæknilega séð endurnýjanleg auðlind, þá úrheimti talsvert meiri orku að búa til kvoðu og framleiða pappírspoka en að búa til einnota plastpoka úr olíu.

Árið 2011 gerði Umhverfisstofnun Bretlands rannsókn á líftíma mismunandi pokategunda þar sem horft var til hvers einasta framleiðsluþáttar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar þarf að endurnota pappírspoka að minnsta kosti þrisvar til að umhverfisáhrifin verði jafnmikil og af því að nota plastpoka úr pólýetýleni einu sinni. Og ef plastpokar eru notaðir endurtekið þá koma þeir enn betur út.

Auðveldara er að endurvinna, eða jafnvel jarðgera, plastpoka en niðurstaða bresku rannsóknarinnar var sú að jafnvel þessar aðgerðir höfðu lítið að segja í stóra samhenginu. Pappírspokar koma út sem lakari kostur út frá loftslagsbreytingum, nema þeir séu notaðir oft.

Fjölnota pokar sjálfbærir ef notaðir oft

Sama breska rannsóknin skoðaði líka fjölnota poka, sem og þyngri og endingarbetri plastpoka eða bómullarpoka. Niðurstaðan var sú að þessir pokar eru aðeins sjálfbærir ef þeir eru notaðir oft. Framleiðsla bómullarpoka er þannig engan veginn kostnaðarlaus. Bómullarræktun úrheimtir mikla orku, landsvæði, áburð og skordýraeitur og getur valdið alls kyns umhverfisáhrifum, allt frá útblæstri gróðurhúsalofttegunda til niturmengunar í rennandi vatni.

Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að neytandi þyrfti að endurnýta bómullarpokann sinn 131 sinni til að hafa minni áhrif á hlýnun jarðar en léttur plastpoki sem er aðeins notaður einu sinni. Svo er það breytilegt eftir framleiðendum hvort nota þyrfti hina endingarbetri plastpoka fjórum eða allt að ellefu sinnum til að bæta fyrir þau loftslagsáhrif sem framleiðsla þeirra kostar umfram hina einnota.

Plastpokafrumvarpið fyrst og fremst táknræn aðgerð

Mælt hefur verið fyrir frumvarpi á Alþingi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarnir sem varðar notkun burðarpoka. Lagt er til í frumvarpinu að frá og með 1. júlí næstkomandi verði óheimilt að afhenda alla burðarpoka, þar með talið burðarpoka úr plasti, án endurgjalds á sölustöðum vara og skuli gjaldið vera sýnilegt á kassakvittun. Frá og með 1. janúar 2021 verði síðan óheimilt fyrir verslanir að afhenda burðarpoka úr plasti, hvort sem er með eða án

ZOLA



SÓFI MEÐ STILLANLEGUM HNAKKAPÚÐUM kr. 348.300



Gaga stóll á snúningsfæti kr. 142.200



VOLUSPA ilmkerfi & hóbýlailmir



Harony sófi kr. 192.200



Denise borð kr. 25.900 / 18.900



Gerviblóm og vasar í miklu úrvali Vasar 22x36 cm kr. 8.800 / 29x50 cm kr. 16.495



Púðar af öllum stærðum og gerðum.. Aldrei meira úrval!



Ceramic Borðstofuborð 100x200 cm + 2 x 50 cm stækkanir kr. 199.900

TILBÓÐSVERÐ KR. 159.920



Lex stóll kr. 19.900



Sófaborð - Ø 80 kr. 56.500



Rugged motta 170x240 kr. 52.700 200x300 kr. 75.200

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f](#) / linanehf [t](#) / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



kjarninn

FRÉTTASKYRING



„Ef við tryggðum það að öllu plasti væri fargað eftir kúnstarinnar reglum ættu allir fremur að nota plastpoka en til dæmis fjölnota burðarpoka úr baðmull.“

- Guðni Elísson

gjalds. Bannið sjálft á þannig við um plastpoka en ekki burðarpoka úr öðrum efnum.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur sagt plastpokafrumvarpið fyrst og fremst vera táknaða aðgerð, því hún snerti líf okkar allra. Hann bendir á að vandinn sé víðtækari, því vörurnar sem fólk ber heim í plastpokunum séu einnig iðulega í plastumbúðum. Enn fremur bendir hann á að um þriðjungu matvæla í heiminum sé hent og því megi segja að þriðjungur innihalds pokans muni enda í ruslinu. Þannig sé plastpokafrumvarpið einungis lítill hluti af „stóra plastvandanum“.

Að auki tók ráðherrann á móti tillögum í haust sem kveða meðal annars á um að setja úrvinnslugjald á plastumbúðir til þess að reyna að draga úr þeim eins og hægt er. Jafnframt komu fram tillögur um að samræma og skylda flokkun. Guðmundur Ingi telur það grundvallaratriði í nútímasamfélagi að fólk fari betur með hluti og að úrgangur sé nýttur sem hráefni í frekari framleiðslu og til verðmætasköpunar.

„Við þurfum fyrst og fremst að huga að því hvernig við getum takmarkað sem mest það sem

Hvað er kolefnisspor?

■ Kolefnisspor vöru og þjónustu segir okkur hversu mikill útblástur gróðurhúsalofttegunda fylgir framleiðslu og notkun þeirra. Því minna sem kolefnissporið er, því minni áhrif hefur varan eða þjónustan á loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar. Kolefnisspor orkuframleiðslu er yfirleitt mælt í losun á koltvísýringisgildum á framleidda orkuveitingu, eða sem grómm af CO2 á hverja kílóvattstund raforku og varma.

Losun gróðurhúsalofttegunda er jafnan mæld í koltvísýringisgildum. Það á líka við um kolefnissporin sem eru einfaldur og skýr mælikvarði á hversu mikil gróðurhúsaáhrif felast í ákveðinni afurð, framleiðsluferli eða framleiðslustað. Áhugavert er að reikna út kolefnisspor sitt og þannig gera sér betur grein fyrir því hvaða þættir í hinu daglega lífi hafa mest áhrif. Á þann hátt geta fyrirtæki og einstaklingar fundið leiðir til þess að minnka kolefnisspor sín og kolefnisjafna þau.



Guðmundur Ingi. Mynd: Bára Huld Beck



Elva Rakel Jónsdóttir. (skjáskot/RÚV)



Guðni Elísson. (skjáskot/RÚV)

fer inn í keðjuna, þannig að úrgangurinn verði minni. En við verðum einnig að nýta hann eins vel og við getum. Við Íslendingar höfum verið svoltið hrædd við að tala um neyslu,“ segir Guðmundur Ingi og rifjar upp orðræðuna fyrir hrúnið 2008.

„Ef einhver sagði orðið græðgi þá var það eitthvað sem ekki mátti taka sér í munn því þá var maður ekki maður með mönnum. Maður var algjör tuðari og afturhaldsseggur; að hamla framförum og allt þetta. En ég held að við séum komin á aðeins annan stað núna og það er algjörlega nauðsynlegt að samband okkar og neyslunnar sé endurskoðað.“

Lífræna baðmullin verst

Þegar við færum okkur yfir í stóru spurningarnar varðandi reglur, neyslu og val neytenda þá spyrja margir sig hvort aðgerðir á borð við plastpoka- bannið skipti máli í stóra samhenginu við loftslagsmál. Guðni Elísson, prófessor í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, hefur rannsakað loftslagsmál til fjölda ára og segir hann í samtali við Kjarnann að stutta svarið við þeirri spurningu sé nei.

„Það mætti hugsanlega flækja þetta frekar og segja að ef plastpokabann yrði að almennri reglu um allan heim þá værum við í raun að skapa nýjan vanda vegna þess að heildarumhverfisáhrifin af plastpokaframleiðslu eru miklu minni en til dæmis af pappírspokum, svo við tölum ekki um fjölnota burðarpoka úr baðmull. Samkvæmt skýrslu sem

danska umhverfis- og matvælaráðuneytið lét vinna eru pappírspokar 40 sinnum frekari á náttúrulegar auðlindir en plastpokar og taupokarnir 7000 til 20000 sinnum verri. Verst er lífræna baðmullin, því hún kallar einfaldlega á orkufrekari framleiðslu, meira pláss, o.s.frv.,“ segir hann.

Guðni bætir því við að hér sé hann að sjálfsögðu að tala um framleiðsluendann, en vandinn við plastið liggja ekki síst í því hvað við gerum við það þegar það hefur gegnt hlutverki sínu. „Ef við tryggðum það að öllu plasti væri fargað eftir kúnstarinnar reglum ættu allir fremur að nota plastpoka en til dæmis fjölnota burðarpoka úr baðmull.“

Reglan ætti að vera að nota hvern einnota poka þrisvar, fjórum sinnum. „Ef við notuðum alla plastpoka nokkrum sinnum og förguðum þeim rétt væri hægt að tvö- til þrefalda tölurnar frá danska umhverfisráðuneytinu. Og það má áréttast að í dönsku skýrslunni er gert ráð fyrir að plastið sé brennt í lokin sem er ekkert endilega besta leiðin,“ segir hann.

Getur skapað falska umhverfisvitund

Guðni bendir á að kosturinn við plastpokabannið geti verið sá að það vekti fólk til vitundar um umhverfismálin en ef eina niðurstaðan sé sú að við fyllum taupokana okkar af sama ákafanum og áður sé þetta sýndargjörningur, sem skapi falska umhverfisvitund. Aðalatriðið sé að minnka neyslu, draga úr lönguninni til að fylla alla poka af dóti sem vel hægt er að lífa án. „En auðvitað er þetta flóknara en svo að hægt sé að svara þessu í svona stuttu máli og þarf að slá alls kyns varnagla.“

Þegar Guðni er spurður út í þá togstreitu sem myndast getur milli umhverfissjónarmiða og loftslagsmála þá segir hann að loftslagsmálin séu auðvitað umhverfisverndarmál og plastnotkun sé hnattrænn vandi. „En auðvitað breytast áherslurnar eftir því sem við víkkum sjónvinkuldarhringinn, frá til dæmis staðbundinni landvernd yfir í spurningar um almennar aðgerðir í loftslagsmálum. Þannig eru margir landverndarsinnar umhverfissóðar og um leið brjóta þeir gegn því landi sem þeir segjast ætla að vernda. Margir sem láta sig vernd hálandisins varða eru til dæmis með risavaxin sótspor og taka þannig beinan þátt í eyðingu landsins sem þeir hafa svarið að verja.“

Hann telur að ekki sé hægt að kalla sig umhverfisverndarsinna og taka á engan hátt ábyrgð á sótsporum sínum eins og þurfi að gera með því að takmarka flug og kjötneyslu. „Mér hefur sýnt áherslan vera sú að tryggja að landinu sé ekki breytt í einhvers konar framleiðsluland og leggja til dæmis fremur áherslu á þjónustu. Fara frá stóriðju yfir í túrismi.“ Engu sé breytt með því að horfa á þetta gamla viðhorf sem sé því miður allt of ráðandi.

„En ef rúmur milljarður flýgur á hverju ári heimshorna á milli til þess að „njóta“ breytir hann jörðinni á stórtækari hátt en nokkur uppistöðulón myndu t.d. gera, þótt vissulega auðgi menn líf sitt líka með ferðalögum. Túrismi er stóriðja skynfæranna og hann er varinn af djúpstæðri þörf fyrir neyslu, upplifanir og auðvitað af skiljanlegri þörf fyrir að komast út úr nærumhverfinu. Íslensk umhverfisverndarstefna hefur fókuserað allt of mikið á það að breyta Íslandi úr framleiðslusvæði yfir í stað þar sem neysla og upplifun fer fram. Landvernd var t.d. styrkt af flugfélaginu Wow air sem er í raun erfitt að skilja ef við skilgreinum Landvernd sem umhverfisverndarsamtök,“ segir Guðni.

Plast vandræðavara

Elva Rakel Jónsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að meðvitund varðandi þessi mál megi ekki

HJÓL FYRIR ALLA • KRAKKAHJÓL • GÖTUHJÓL • FJALLAHJÓL • BORGARHJÓL • RAFHJÓL



59.990 kr.

BMC Sportelite 24
Flítt krakka hjól fyrir 8 ára og eldri. Vandað ástíll með framdempara. Shimano girar 3x7. Fánlegt í tveimur litum - rauft eða grátt.



89.990 kr.

Bianchi C-Sport 25
Sérstaklega vandað og skemmtilegt allhliða hjól fyrir unga sem aldna. Fánlegt í tveimur litum. Shimano 3x8 girar og vökvabremsur.



49.990 kr.

BMC Sportelite 20
Flítt krakka hjól fyrir 6-9 ára. Vandað ástíll með framdempara. Shimano girar 2x7. Fánlegt í tveimur litum - blátt eða gullt.



79.990 kr.

Bianchi Duel 275
Fjallahjól fyrir krakka og fullorðna. Til í tveimur litum og 29" eða 27.5" dekkjastærð. Vökvabremsur og Shimano 3x8 girar.



Hjálmur fylgir öllum barnahjólum hjá okkur í sumar

Bianchi BMC YETI ENVE 3T MERIDA PAS NORMAL STUDIOS GOBIK VOID FIBR PELOTON

PELOTON • KLETTAGARÐAR 23 • www.peloton.is • 666-1199



FRUMSÝNUM

FORD ECOSPORT **AWD**

FJÓRHJÓLADRIFINN OG FRÁBÆR!



HÁSETINN – NÚ FJÓRHJÓLADRIFINN

Ford EcoSport fæst nú með fjórhjóladrifi sem gerir hann enn betri við íslenskar aðstæður. Hann hefur þar að auki mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT TITANIUM S AWD
1.5 dísil, 125 hö, fjórhjóladrifinn, beinskiptur

VERÐ:

4.190.000 KR.

Ford tekur þig lengra!

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



„Íslenskt samfélag „útvistar“ meirihluta losunar og býr við ákveðna lág-kolefna-tálsýn. Þetta á jafnvel enn betur við í Reykjavík, þar sem lítil framleiðsla á sér stað.“

- Jukka Heinonen.

takmarkast við burðarpokann. En þrátt fyrir það lítur hún svo á að litlu aðgerðirnar, á borð við plastpokabannið, skipti einnig gríðarlegu máli. „Því ef við ráðum ekki við litlu aðgerðirnar þá ráðum við heldur ekki við þær stóru,“ segir Elva en hún telur að ekki þurfi sérstaklega að rökraða bannið, það sé borðleggjandi.

Hún segir enn fremur að plast sé vandræðavara, því bæði hafi það sínar góðu og slæmu hliðar. Plast sé stöðugt efni og létt í flutningi og því gott hvað það varðar en einstaklega óhentugt þegar það er notað einungis einu sinni. „Við þurfum að breyta söluhegðun þannig að ekki séu til boða allar þessar umbúðir,“ segir Elva. „Vandamálið er að við ofnotum plastið og framleiðum einnota vörur. Við þurfum að búa til vörur sem endast.“



Elva bendir jafnframt á að plast sé forsenda þess samfélags sem við búum við í dag. Það sé notað í hinum ýmsu raf- og öryggistækjum og gagnist vel þegar það er nýtt með skynsömum hætti.

Íslenskt samfélag býr við ákveðna lág-kolefna tálsýn

Jukka Heinonen, prófessor við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, hefur rannsakað hvernig neysludrifið kolefnisspor Íslendinga dreifist um heimsbyggðina. „Íslenskt samfélag „útvistar“ meirihluta losunar og býr við ákveðna lág-kolefna tálsýn. Þetta á jafnvel enn betur við í Reykjavík, þar sem lítil framleiðsla á sér stað. Borgin tilkynnir mjög litla losun en áhrif hennar eru mjög mikil í alþjóðlegum samanburði.“

Jukka bendir á að matvæli séu stór hluti af losun Íslendinga og eru þau í reynd í öðru sæti á eftir samgöngum. „Þessi losun á sér stað að mestum hluta utan landsteinanna og í flutningi matvællanna til Íslands. Á Íslandi fer fram kjötframleiðsla, sem losar mikið sama hvar. Það er algengur mis-skilningur að til dæmis íslenska lambið sé á einhvern hátt framleitt sjálfbært þar sem raunin er sú að loftslagsáhrifin eru ótengd staðbundnum aðstæðum á Íslandi.“

Hann telur að kolefnisspor vegna matvæla myndi minnka til muna með grænmetismiðuðu mataræði og sérstaklega með staðbundinni grænmetisframleiðslu sem kæmi í staðinn fyrir kjötfremleiðslu.

Jukka Heinonen. Mynd: HÍ



■ Plast var uppgötvað í kringum aldamótin 1900 og varð strax mikilvægur staðgengill fyrir vörur sem gerðar voru úr dýrum, til að mynda horn, skjaldböskuljar og fleira. Plast kemur við sögu í lífi flestra á hverjum degi og er hluti af nánast öllum okkar daglegum athöfnum, bæði heima við og í vinnu. Vörur úr plasti geta verið vörur sem auka öryggi okkar eins og öryggishjálmar og gleraugu, auk barnabílstóla. Margar vörur sem auðvelda líf okkar eru úr plasti til dæmis umbúðir utan um matvæli, tölvur, farsímar og burðarpokar. Einnig er plast í vörum sem hafa skemmtanagildi eins og leikföng, sjónvörp og annað.

Til að framleiða plast er að mestu leyti notað olía og jarðgas en einnig efni eins og kol, sellulósi, gas og salt. Eiginleikar plasts eru þeir að endingartími þess er yfirleitt nokkuð mikill. Plast er slitsterkt svo það hverfur ekki eða eyðist heldur brotnar í smærri og smærri plasthluta í náttúrunni, kallað örplast. Plast er það létt efni að það flýtur. Það getur þar af leiðandi borist um hundruð kílómetra í vötnum og

höfum og valdið þannig skaða langt frá upprunastað sínum. Gríðarstórir flákar af plasti hafa þegar myndast í Kyrrahafi, Atlantshafi og Indlandshafi þar sem hafstraumar hafa borið það. Það er síðan fast í þessum gríðarstóru hringstraumum sem þar eru.

Notkunartími einnota plasts er mjög stuttur því einnota umbúðum er hent um leið og búið er að drekka vatnið, kaffið, borða brauðið, ávextina og fleira. Að meðaltali er talið að hver plastpoki sé notaður í um tuttugu mínútur og endi síðan í ruslinu eða úti í náttúrunni. Á Íslandi er magn umbúðaplasturgangs um 40 kílógrömm á hvern íbúa á hverju ári eða alls á Íslandi um 13.000 tonn á ári. Þegar talað er um umbúðaplast er átt við allt umbúðaplast sem tengist lífi einstaklings, heimili, skóli, vinna. Endurvinnsla á umbúðaplasti er aðeins um 11 til 13 prósent á Íslandi. Ekki eru til góðar heildartölur fyrir annað plast sem ekki er skilgreint sem umbúðir og er til að mynda í raftækjum, leikföngum, húsgögnum og slíku.

Heimild: Umhverfisstofnun



MANNLÍF

- SÉRBLAÐ 17. MAÍ NÆSTKOMANDI

Stórsýningin Lifandi heimili 2019 verður haldin í Höllinni 17.-19. maí.

Fjölmiðlasamstarf er á milli forsprakka sýningarinnar og Mannlífs við gerð kynningarefnis og auglýsinga fyrir þau fyrirtæki sem taka þátt.



Áhugasamir geta sent tölvupóst á auglysingar@mannlif.is

MANNLÍFI VERÐUR DREIFT Á SÝNINGUNNI!

Í samstarfi við Mannlíf verður gefið út sérblað fyrir sýnendur þar sem gefinn verður kostur á að auglýsa í blaði með dreifingu í 80.000 eintökum á höfuðborgarsvæðinu. Að auki mun fyrirtækið Skjáskot bjóða upp á útsendingar í setti fyrir sýnendur, þar sem þeim gefst kostur á að kynna sínar vörur og þjónustu í beinni útsendingu.

SKJÁSKOT

Lykill að lífi



Kiwanis stendur fyrir sölu á K lyklinum til styrktar Bugl og Pieta. K lykilinn kostar 2000 krónur og veitir fólki með geðraskanir nýtt líf og nýja von. Kaupu K lykilinn, lykil að lífi og láttu gott af þér leiða.

Einnig er hægt að hringja í styrktarnúmerið 908 1550 og láta 2000 kr. af hendi til þessa mæta málefnis. Hjálpaðu okkur að hjálpa Bugl og Pieta.



Samstarfsaðilar



HS ORKA



Viðtalið

ERLA BOLLADÓTTIR



”

„Einnig kemur fram ábending frá viðmælanda í þáttunum um að aðeins tveimur dögum eftir hvarf Geirfinns hafi Haukur verið á ferðinni að leita að líki. Ekki týndum manni, heldur líki. Það hlýtur að þarfnast skýringa.“

Það er verið að hrúga salti í öll sár, dag eftir dag

Erla Bolladóttir segir að enn sé margt órannsakað í þagnarhjúpi kerfisins í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálið og að stjórnvöld, allt til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, sýni sakborningum sömu lítilsvirðingu og þau hafi alltaf mátt þola.

Samt er ekki að finna að Erla sé bitur eða reið kona þegar blaðamaður hittir hana að máli. Þvert á móti er hún einkar yfirveguð og viðkunnanleg manneskja sem hefur barist lengi af einurð og yfirvegum fyrir réttlæti til handa sér og sínum í stærsta glæpamáli síðari tíma á Íslandi.

Texti / Magnús Guðmundsson
Myndir / Hallur Karlsson
Förðun / Björg Alfreðsdóttir, alþjóðlegur förðunarfræðingur
YSL á Íslandi



Eins og kunnugt er var Erla dæmd fyrir meinsæri í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu en ekki morð eins og hinir. „Og sú sök er látin standa,“ segir hún og vísar þar til sýknudóms Hæstaréttar í kjölfar endurupptöku í málinu síðastliðið haust, „óháð því hvernig orð mín voru fengin fram á sínum tíma. Að lifa með þessum dómi hefur reynst þungbært og að sökin skuli standa enn í dag er áfall út af fyrir sig.“

Eins útskýringin sem ég fékk á því þegar Björn Bergsson, formaður endurupptökunefndar, var fyrir tilviljun sessunautur minn í flugi milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Hann úskýrði að það væri ekki inni í myndinni að sýkna mig af meinsæri þar sem glæpurinn „lægi fyrir“. Að þeir væru með skýrslu sem ég hefði skrifað undir og í því væri glæpur minn fólgin. Alveg óháð því hvernig því var náð fram.

Ég gat nú ekki annað en innt hann eftir því hvort það angraði ekkert rökhugsun þeirra að samþykkja endurupptöku á morðunum þar sem sýkna var ljós en samþykkja að við hefðum engu að síður verið að taka saman ráð okkar um eitthvað sem aldrei gerðist.“

Hún bendir á að þetta mál hafi svipt sexmenningana svo miklu meiru en þeim tíma sem þau sátu í einangrun og fangelsi. „Þetta tók frá okkur öllum og í raun börnunum okkar líka, allt það líf sem hefði getað orðið. Ég fékk ekki lífið mitt, heldur lífið HENNAR – konunnar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu, útskýfuð og hötuð í áratugi.“

Gæsluvarðhald og lyfjanauðung

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því Guðmundar- og Geirfinnsmálin áttu sér stað og fram til þess að sýknudómurinn féll síðastliðið haust. Sem stendur er verið að sýna heimildarþættina Skandall, eftir þýska blaða- og kvikmyndargerðarmanninn Boris Quatram, þar sem áður órannsakaðir hlutar málsins eru teknir til skoðunar. Áherslan er á hvarf Geirfinns Einarssonar og hvert rannsóknin hefði eðlilega átt

að leiða lögregluna í Keflavík á fyrstu dögum málsins og rætt við ýmsa málsaðila og sérfræðinga en þar kemur fjölmargt athyglisvert í ljós.

Erla bendir á að þættirnir sýni vel þá undarlegu afgreiðslu sem málið fékk hjá lögreglunni, fyrst í Keflavík en síðan einnig í Reykjavík.

„Þeir virðast hafa haft eitthvert annað markmið en það að upplýsa hvarf Geirfinns og svo virðist sem, leynt og ljóst frá árinu 1972, að það hafi verið að koma höggi á Sigurbjörn Eiríksson sem átti Klúbbinn í Reykjavík en Hallvarður Einvarðsson hafði þá horn í síðu þeirra Klúbbsmanna. Ég þekki þá sögu ekki til fulls en Hallvarður var vararíkissaksóknari þegar við vorum í einangruninni og kom einkennilega mikið að rannsókninni sjálfri. Hann var viðstaddur yfirheyrslur en ég hitti hann í fyrsta sinn þegar ég var fengin til þess að játa að ég hefði myrt Geirfinn. Þeir vissu fullvel að ég gerði það ekki en þeir töldu sig þurfa játninguna frá mér til að að geta sett mig í gæsluvarðhald. Í kjölfarið hófu þeir að troða í mig risavöxnum lyfjaskammti fjórum sinnum á dag og hnoða saman einhvers konar atburðarás sem hentaði þeirra markmiði frá fyrsta degi.“

Ætluðu sér að negla manninn

Hallvarður hafði stjórnað rannsókn á skemmtistaðnum Klúbbum í Reykjavík, sem var í eigu fyrrnefnds Sigurbjörns og undir framkvæmdastjórn Magnúsar Leópoldssonar. Erla segir að Hallvarður hafi haldið því staðfastlega fram að það hafi verið stunduð sala á ólöglegu áfengi í Klúbbum og látið loka staðnum við rannsókn málsins. Þegar ekkert fannst á Klúbbum þrátt fyrir viðamikla leit var staðnum engu að síður enn haldið lokuðum. „Það barst svo beiðni frá eiganda Klúbbsins til dómsmálaráðuneytis um að lokunarúrskurður lögreglustjóra yrði ógiltur og það fram hjá Hallvarði. Það virðist hafa orðið til þess að Hallvarður þróaði með sér einhvers konar þráhyggju um Klúbbsmenn og ímyndaða undirheimastarfsemi þeirra.“

Þegar Geirfinnur svo hvarf í nóvember 1974 fór fljótlega að bera á orðrómi sem barst frá rannsóknaraðilum um að Klúbbsmenn væru



Viðtalið

ERLA BOLLADÓTTIR



„... þeir töldu sig þurfa játninguna frá mér til að að geta sett mig í gæsluvarðhald. Í ljölfarið hófu þeir að troða í mig risavöxnum lyfjaskammti fjórum sinn-um á dag og hnoda saman einhvers konar atburðarás sem hent-adi þeirra markmiði frá fyrsta degi.“

Erla bendir á að hver sem kynnir sér málið geti séð að Haukur Guðmundsson sem vann að lögreglurannsókninni í Keflavík þurfi að svara ýmsum spurningum.

viðriðinir hvarf hans. Samt var ekkert sem tengdi þá við Geirfínn eða Keflavík. Lögreglan reyndi jafnframt mikið að blanda einhverjum spíramálum inn í rannsóknina. Það sem vekur hins vegar athygli er að ekkert spírasmygl var til rannsóknar á þessum tíma samkvæmt yfirlýsingu lögreglunnar í Keflavík sem birtist í fjölmiðlum 14. janúar 1975, tveimur mánuðum eftir hvarfið. Þar segir að rúmum þremur vikum eftir hvarfið hafi lögreglu verið það ljóst að engin tengsl voru á milli Geirfínns og spíramála. Þessu geta allir flett upp sem vilja. Enn virðast menn þó leggja sig fram við að viðhalda slíkum tengslum í hugum fólks, nú síðast Haukur Guðmundsson, fyrrum lögreglumaður í Keflavík, í þáttunum Skandall. Hann virðist þar reyndar vera að reyna að koma sér undan spurningunni um hvers vegna lögreglan kannaði ekki mögulegan þátt elskhuga Guðnýjar Sigurðardóttur, eigin-konu Geirfínns, þar sem hann ber því við að rannsóknaraðilar hafi ekki haft tíma til að kanna fjarvistarönnun svo grunsamlegs aðila vegna anna við spíramál. Þarna er um hrein ósannindi að ræða.“

Erla er greinilega hugsu yfir því með hvaða hætti rannsóknin í Keflavík var unnin og bendir á að seinna hafi Haukur, lögreglumaður í Keflavík, hlotið dóm í máli Guðbjarts Pálssonar leigubílstjóra. „Haukur fékk dóm fyrir að koma fyrir sönnunargögnum og handtaka Guðbjart á fólkskum forsendum. Þetta eru óskyld mál en að mínu mati nákvæmlega sama aðferðafræði og Haukur notaði þegar hann lét Magnús Gíslason, teiknara hjá tæknideildinni í Keflavík, fá ljósmynd af Magnúsi Leópoldssyni, framkvæmdastjóra Klúbbsins, og sagði honum að teikna mynd af manninum á ljósmyndinni. Þá teikningu fer hann síðan með til Ríkeyjar Ingimundardóttur skúlptúrista og biður hana um að gera eftir henni leirstyttu. Styttuna notaði hann svo til þess að láta fólk benda á Magnús Leópoldsson og bendla hann þannig við málið. Þetta sýnir að þeir ætluðu sér að negla Klúbbmenn, hvað sem það kostaði.“

Nær fram dómþingi

Þrátt fyrir að sýknudómur hafi fallið í Hæstarétti síðastliðið haust og að öllum sé orðið ljóst það harðræði sem beitt var til þess að ná fram sekt á sínum tíma, hefur enginn sem stóð að rannsókn málsins þurft að svara fyrir þær gjörðir. Aðspurð um hvað Erlu finnst um það segir hún að það eitt og sér hljóti að vera rannsóknarefni. „Allt í þessu er rannsóknarefni. Það fékk ég endanlega staðfest árið 2015 þegar endurupptökunefnd var enn með málið á sínu borði. Þá fékk ég umsögn Davíðs Þórs Björgvinssonar, setts ríkissaksóknara í málinu, um að ekki væri forsenda til endurupptöku á mínu máli. Þar sem ég var ekki í einangrun þegar ég skrifaði undir fyrstu skýrsluna í Geirfínnsmálinu sem fól í sér meinsæri taldi nefndin ekki hægt að segja að ég hafi verið pyntuð á þeim tíma.

Davíð Þór hins vegar skildi eftir þann möguleika að nefndin gæti farið fram á nánari rök starfshópsins fyrir því að mínar játningar væru líka óáreiðanlegar. Endurupptökunefnd tók þetta til greina og boðaði dómþing sem haldið var í sakadómi Reykjavíkur til þess að yfirheyra starfshópinn sem vitni, þá einkum réttarsálfræðingana Gísla H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson sem eru sérfróðir um falskar játningar, um umræddar röksemdir.

Á þessum tímupunkti fékk ég mig fullsadda af því að enn væri krafist viðbóta við þau óteljandi málskjöl sem sönnuðu sakleysi okkar og ólöglega meðferð rannsóknaraðila á málinu. Ég bar þessa aðila þungum sökum um að hafa vísvitandi þínt mig til að ljúga frá upphafi, en það heyrst aldrei píp þaðan. Fyrst við vorum komin með dómþing fór ég fram á og fékk samþykki endur-upptökunefndar fyrir því að þessir þrír lykilorannsóknarmenn, Örn Höskuldsson sem stjórnaði rannsókninni, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert Bjarnason, yrðu yfirheyrdir sem vitni og spurðir þriggja lykilsurninga:

Hvert var tilefni þess að þeir fóru að yfirheyra okkur um hvarf Guðmundar? Hvert var tilefni þess að þeir fóru að yfirheyra okkur um hvarf Geirfínns? Hver var aðkoma Hallvarðs Einvarðssonar að rannsókn málsins? Ég þóttist vita að þessir aðilar myndu bera við minnisleysi en vildi að þeir þyrftu þá að minnsta kosti að ljúga því sjálfir að öllum viðstöddum.“

Enn er logið

Erla segir að endurupptökunefnd hafi fallist á að kalla þessa þrjá menn fyrir sem vitni. „Þeir reyndu að koma sér undan en bar lagaleg skylda til þess að mæta, sem þeir þá gerðu og það var í fyrsta skipti sem spurningum var beint í þessa átt. Í fyrsta sinn sem ljósinu var að einhverju leyti varpað á einhvern í kerfinu í öllu þessu stóra máli. Þetta voru þeir sem stóðu að rannsókninni í Reykjavík en upphafsmenn rannsóknarinnar í Keflavík hafa aldrei verið spurðir út í eitt né neitt.

En þremmenningarnir lugu augljóslega fyrir þessu dómþingi,“ segir hún og er greinilega talsvert niðri fyrir enda er hér verið að ræða um atburði og áhrifavalda í lífi hennar allt til dagsins í dag.

„Örn var fyrst yfirheyrdur og kvaðst ekki muna tilefni þess að við vorum fyrst yfirheyrd. Ragnar Aðalsteinsson, minn lögmaður í þessu máli, vísaði til þess að þetta væri nú stærsta sakamál sem Örn hefði komið að en hann sagðist í svari sínu nú ekki vera viss um það. Ragnar ítrekaði samt spurninguna en Örn svaraði alltaf með skyndi: „Nei, ég man það ekki.“ Hann var augljóslega búinn að ákveða þetta svar og við það stóð hann.

Að endingu spurði Ragnar hver hefði stjórnað rannsókninni, tekið ákvarðanir um hver yrði yfirheyrdur og ákveðið stefnu rannsóknarinnar.

Örn svaraði því til að það hefði verið rannsóknar-lögreglan og að hann hafi ekki haft neitt með stjórn rannsóknarinnar að gera, enda hefðu þarna verið mjög reyndir og færir rannsóknarmenn og vísar þar fyrst og fremst til tvíeykisins Sigurbjörns Víðis og Eggerts Bjarnasonar.

Sigurbjörn var næstur til vitnis og þegar hann er spurður sömu spurningar svarar hann afdrátt-arlaust að Örn sem rannsóknardómari hefði stjórnað rannsókninni, enda hafi hann sjálfur verið lítt reyndur sem rannsóknarlögreglumaður á þessum tíma. Þá fór klišur um salinn því Örn var nýbúinn að halda allt öðru fram og það er ekki hægt að misminna um atriði á borð við þetta. Það getur engan misminnt um að hafa leitt í tvö ár rannsókn á einu stærsta sakamáli þjóðarinnar.

Það er með ólíkindum að ekki einn þessara aðila geti svarað með heiðarlegum hætti til um það hvers vegna farið var í þessa vegferð að yfirheyra okkur og það með þessum hætti sem raunin var. Aðeins á einum stað er að finna eitthvað um að „lögreglunni hafi borist til eyrna hugsanleg tengsl Sævars við hvarf Guðmundar“ eins og mig minnir að það sé orðað en það er allt og sumt. Allt þetta ósamræmi, allar þessar lygar og sú meðferð sem við máttum sæta. Allt liggur þetta enn órannsakað í þagnarhjúpi kerfisins.“

Rannsóknarleysa í Keflavík

Erla bendir einnig á að hver sem kynnir sér málið, til að mynda með því að horfa á þættina Skandall, geti séð að Haukur Guðmundsson sem vann að lögreglurannsókninni í Keflavík þurfi að svara ýmsum spurningum. „Hann þarf að svara því hvað vakti tengsl á milli hvarfs Geirfínns og spírasmygls sem var þá þegar upplýst mál. Í þáttunum talar hann um Geirfínn sem vammlausan mann og hvers vegna þá að bendla hann við spíramál? Að auki setur hann í þáttunum fram kenningu um það að Geirfínnur hafi látist af slysförum en útskýrir það ekkert nánar. Hann hlýtur að þurfa að útskýra þessa kenningu fyrir yfirvöldum ekki seinna en strax.

Einnig kemur fram ábending frá viðmælanda í þáttunum um að aðeins tveimur dögum eftir hvarf Geirfínns hafi Haukur verið á ferðinni að leita að líki. Ekki týndum manni, heldur líki. Það hlýtur að þarfnast skýringa. Og hvers vegna var sú rannsóknarstefna sem unnin er í þáttunum aldrei unnin af hálfu lögreglunnar?

Í því sem snýr að ónafngreindum elskhuga Guðnýjar, eigin konu Geirfínns, gætir misræmis á milli framburðar hennar og Sjafnar Traustadóttur, bestu vinkonu hennar, um það hvar elskhuginn gisti um nóttina og þannig mætti áfram telja.“

Erla segir vert að nefna að allt sem kemur fram um upphafs rannsókn á hvarfi Geirfínns í þessum þáttum er aðgengilegt á Netinu í gögnum málsins. „Það er ekkert þar sem er ekki hægt að fletta upp ef viðkomandi hefur hug á að berja eigin augum grunsamleg störf lögreglunnar í Keflavík þegar Geirfínnur hvarf. Þar kemur meðal annars fram nafn elskhuga Guðnýjar sem flutti fljótlega til Þýskalands eftir að hafa verið yfirheyrdur aftur 1976. Ekki veit ég hvort hann eða aðrir sem eðlilegt hefði verið að rannsaka fyrst beri ábyrgð á hvarfi Geirfínns. Það sem málið snýst um er að sú rannsókn sem fram fór í Keflavík er augljóslega ekki í lagi.

Þar er vísvitandi hunsað allt sem gæti leitt til þess að Geirfínnur fyndist. Alveg sama hvar litið er á þessar skýrslur rannsóknarinnar í Keflavík þá má sjá á dagsetningum skýrslu og fjölda annarra þátta að ekki er allt með felldu varðandi hegðun rannsóknaraðila. Eitthvað voru þeir að bralla og virðast jafnvel hafa verið viðbúinir áður en Geirfínnur hvarf.

Þegar Geirfínnur skilaði sér ekki um morguninn var það ekkert nýtt að hann væri á kennderí í bænum eins og t.d. á sunnudeginum tveimur kvöldum áður. Ef horft er til þess sem komið hefur fram um lífsstíl þeirra hjóna, Geirfínns og Guðnýjar, virtist þetta ekki vera neitt sem einhver þyrfti að missa sig yfir. Samt hringir Guðný ekki í félagana eða vinnuna og athugar hvort hann sé með þeim, heldur hringir Sjöfn vinkona hennar í lækni og segir að vinkona hennar sé í miklu uppnámi vegna þess að maðurinn hennar hafi ekki





Börn reyna oft ítrekað að segja frá áður en einhver fullorðinn hlustar.

Vertu verndari *kauptu ljósið*



Landssöfnun

Verndarar barna – Blátt áfram
verður hjá sölufólki við helstu verslanir
og verslanakjarna um allt land dagana

25. apríl til 6. maí.



Viðtalið

ERLA BOLLADÓTTIR

skilað sér heim um nóttina. Að hún sé viti sínu fjær af áhyggjum og biður lækinn um að skrifa upp á róandi fyrir hana sem hann gerir. Þetta kom fram löngu síðar en á þessum tímamarki var ekki búið að tilkynna að hann væri horfinn. Ekki búið að hringja í einn eða neinn sem þekkti hann eða eitthvað slíkt. Var þarna einhver vitneskja um að Geirfínnur ætti ekki afturkæmt? Það lædist að manni sá grunur og að formleg skýrsla sé ekki tekin af Guðnýju fyrr en níu dögum síðar inni á eigin heimili er auðvitað í meira lagi undarlegt.“

Nú er orðið þungt í Erlu við upprifjun málsins og hún er greinilega sérstaklega hugsi yfir rannsóknaraðilunum Valtý Sigurðssyni, Hallvarði Einvarðssyni, Kristjáni Péturssyni og Nírði Snæhólmi en allir komu þeir með afdrifaríkum hætti að rannsókn málsins og fóru þar með mikla ábyrgð. „Mín upplifun af þessu máli er ekki síst sú að þessir fjórmenningar eru allir óhugnanlega dimmir, hef hitt alla þessa menn og ég skynjað þetta myrkur í þeim öllum. Og allir vissu þeir eitthvað sem við hin vitum ekki.“

Forsendan fyrir meinsæri brostin

Allt er þetta aðeins brot af því sem þarf að rannsaka af fullri alvöru í þessu máli en Erla leggur áherslu á að hennar barátta hafi snúist um að réttlætinu verði fullnægt í máli sexmenninganna. „Mín barátta snýst um mál okkar sexmenninganna sem vorum höfð í einangrun og pyntuð til þess að játa eitthvað sem við gerðum aldrei og þannig svipt því lífi sem við hefðum átt að eiga. Ekkert okkar biður þess nokkurn tíma bætur. Mín barátta hefur snúist um þetta og ég hef þurft á öllum mínum kröftum að halda í þeirri baráttu.“

Hins vegar eru menn með ýmsar kenningar en ég tek ekki afstöðu til þeirra persónulega. Ég veit ekki hvað lá að baki starfsháttum lögregunnar í Keflavík á sínum tíma og svo í Reykjavík í framhaldinu. En miðað við hvernig komið var fram við okkur af hálfu yfirvalda í öll þessi ár og enn í dag þá á ég ekki von á miklu af hálfu hins opinbera. Að enn sé komið svona fram og að það sé búið að staðfesta sök mína, þvert á öll rök og skynsemi er enn eitt áfallið eftir öll þessi ár. Í raun erfiðara núna þar sem ég er að verða sextíu og fjögurra ára og framkoma stjórnvalda við mig í dag er til þess fallin að halda mér enn fanginni í málinu.

Ég hef fundið mig milli steins og sleggju í ákvarðanatöku um næsta skref en góðu heilli lærði ég síðastliðinn mánudag að mér er fært að krefjast aftur endurupptöku í ljósi nýrra gagna, þ.e. að dómur um meinsæri standist ekki þar sem allir þeir sem dæmdir voru fyrir morð á Geirfínni eru sýknaðir. Um leið er forsenda fyrir meinsæri augljóslega brostin.

Ég hef hins vegar persónulega enga trú á þeim einstaklingum í kerfinu sem eru í aðstöðu til að ákveða hvort ólöglegir starfshættir rannsóknaraðila verði rannsakaðir eður ei. Ég hef enga trú á dómsmálakerfinu og þeim sem í því starfa. Ég geri mér þess vegna engar vonir um að málið sjálft verði tekið til rannsóknar en það má ekki verða minn höfuðverkur. Þegar ég verð komin alla leið í minni baráttu verður hlutverki mínu lokið en annarra að komast að því hvað gerðist þarna í raun og veru.“

Sáttanefnd í business

Hæstiréttur kvað upp sinn sýknudóm þann 27. september síðastliðinn en um það segir Erla: „Það var eins snautlegt og verið gat. Það er Hæstarétti til fullkominnar skammar um ókomna tíð að koma ekki með stakt orð um forsendur fyrir sýknunni af sinni hálfu.“

Daginn eftir kom svo Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fram fyrir þjóðina fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og það alla sem sýknaðir voru og aðstandendur þeirra afsökunar, en auðvitað



„Alveg sama hvar lítið er á þessar skýrslur rannsóknarinnar í Keflavík þá má sjá á dagsetningum skýrslna og fjölda annarra þátta að ekki er allt með felldu varðandi hegðun rannsóknaraðila. Eitthvað voru þeir að bralla ...“

„Það væri betra ef ríkisstjórnin hefði sleppt því að biðjast fyrirgefningar því hugur virðist ekki hafa fylgt þar máli,“ segir Erla.

ekki mig. Þegar hún gerði þetta þá gerði hún nákvæmlega það sama og Hæstiréttur; hún hélt sína leið og henti okkur í ruslið. Síðan var stofnuð svokölluð sáttanefnd,“ segir Erla.

Hún kveðst vera langþreytt í sinni baráttu og hún segir að hún hafi ekki lengur orku í það að vera sífellt kurteis og tipla á tánum í kringum þetta fólk sem hafi sýnt henni alla þessa lítilsvirðingu. „Í fyrsta lagi þá er ég hneyksluð á því að þetta skuli vera kallað sáttanefnd eftir að hafa orðið vitni að störfum sáttanefndar í forsetatíð Nelsons Mandela í Suður-Afríku á tíunda áratug síðustu aldar, þar sem ég var búsett um fimm ára skeið.“

Hér höfum við bara fulltrúa forsætisráðuneytisins og þá einkum Krístrínu Heimisdóttur [sem var formaður sáttanefndar, innsk. blaðamanns] með ríkislögmann í bakgrunni að fara fyrir því að ræða við sakborninga um hvernig ríkið geti sloppið sem best frá þessu. Hún er fremur í business en að ræða neina raunverulega sátt. Á áttunda mánudag frá því að „nefndin“ tók til starfa kemur svo einhliða ákvörðun forsætisráðuneytisins um upphæð skaðabóta sem er lítið meira en 10% af þeim skaðabótum sem saklausum fjórmenningum í málinu voru greiddar á sínum tíma. Auk þess hefur komið í ljós að umrædd „sáttanefnd“ er ekki lengur starfandi. Þetta virðist allt komið í einhverja allsherjar vitleysu.“

Lítilsvirðandi framkoma

Það leynir sér ekki að Erla er ekki sátt við framkomu stjórnvalda enda er málinu hvergi nærri lokið. „Það sem mér finnst erfiðt núna er að það er verið að hrúga salti í öll sár, dag eftir dag, á meðan enginn lætur í sér heyra. Að auki liggur þarna inni krafa frá mér um skaðabætur vegna einangrunar minnar 1976 því hún var klárlega ólögleg, hvað sem öllu öðru líður. En það hefur enginn talað við mig. Það er bara eins og ég sé ekki til en það erindi fór samt formlega í janúar frá lögmanni mínum til „sáttanefndar“. Ég hef ekki verið virt viðlits.“



Eftir dómsúrskurðinn síðastliðinn haust ákvað Erla að biðja um viðtal við Katrínu Jakobsdóttur til þess að ræða sitt mál. „Erindi mitt við Katrínu var meðal annars að reifa þann möguleika að ef ég kærði niðurstöðu endurupptökunefndar samþykkti hún að ríkislögmaður semdi við mig utan dóms með því að samþykkja ógildinguna; ég er jú með mjög sterkt mál í höndunum. Þetta kæmi í veg fyrir heilt ár í dómssölum með öllu því álagi og öllum þeim kostnaði sem því fylgir.“

Einhverjum tíu dögum síðar fékk ég þau skilaboð að Katrín vildi að ég hitti fyrst Krístrínu Heimisdóttur. Ég hafði ekkert við hana að tala, ekki komin með skaðabótakröfuna þá og sá enga ástæðu til þess að hitta hana. En Katrín var sögð leggja áherslu á þetta og að hún ætlaði síðan að hitta mig í framhaldinu svo ég fór til fundar við Krístrínu ásamt fylgdarmanni, af fenginni reynslu.

Ég gat ekki borið upp erindi mitt við Krístrínu og allra síst eftir að ég var búin að setjast niður með henni. Ég á erfitt með opinbert starfsfólk sem heldur fundi og tikkar í öll box en svo gerist ekkert,“ segir Erla og hefur greinilega fengið sig sadda af innantómu orðagjálfrí kerfisins sem fór langt með að eyðileggja fyrir henni lífið.

Hún heldur áfram og segist hafa bent Krístrínu á að erindi hennar væri við Katrínu. „Ég spurði því einfaldlega hvers vegna ég væri þarna að hitta hana og fékk það svar að það væri svo Katrín fengi betri innsýn í málið.“

Í framhaldinu kom Krístrín svo t.d. með spurningu eins og „hvernig hefur þér líðið yfir þessu máli?“ Mér var illa misboðið, leið eins og leiða ætti mig út í kviksyndi. Hún fann það auk þess hjá sér að segja að ef mér líði einhvern tíma illa yfir þessu máli eða væri kvíðin þá væri mér velkomið að hringja í hana hvenær sem væri. Ekki veit ég í hvaða vídd svona fólk hrærist. Að tala við mig eins og ég hefði verið alein skriðandi um í myrkrinu í meira en fjórutíu ár þangað til hún birtist til þess að vera vinkona mín. Þetta fannst mér lítilsvirðandi framkoma við mína persónu og allt sem á undan var gengið.“

Þögn Katrínar meiðir meira

Erla segir að eftir þennan fund með Krístrínu hafi ekkert gerst. Að lokum fékk hún fund með Katrínu þann 27. desember síðastliðinn.

„Ég hitti Katrínu og reifaði þau mál sem þurfti og það var fínt að tala við hana. Hún sagði reyndar í upphafi fundar að hún vildi að við hittumst aftur í lok janúar því þá ætlaði hún að geta útskýrt fyrir mér stöðuna. Seinna á þessum fundi ítrekaði hún að við hittumst aftur í lok janúar. Þann sjöunda febrúar sendi ég henni tölvupóst og sagðist vera orðin langeyg eftir fundinum til þess að geta ákveðið næstu skref. Ekkert svar. Í fyrrihluta mars sendi ég aftur póst og sagði að enn hefði ég ekkert heyrt. Var vissulega orðin sár og að reyna að skilja hverju sætti að mér væri ekki svarað. Enn hef ég ekkert heyrt.“

Ef þú biður einhvern fyrirgefningar en heldur svo áfram að sparka í viðkomandi, er það þá marktæk fyrirgefningarbeiðni? Þetta tvöfalda síðferði að biðjast fyrirgefningar en halda svo öllum á stað sem heldur áfram að meiða og særa viðkomandi. Að halda þessu svona vofandi yfir þeim sem hafa mátt þola allt sem á undan er gengið er framkoma sama eðlis og við höfum alla tíð mátt þola af hálfu þessa kerfis.

Ég er sár út í Katrínu. Ég fylltist von um að nú kæmi einhver niðurstaða sem mundi feykja skýjunum frá sólinni. Ég hafði á tilfinningunni að þessi kona sem ég hafði haft mætur á væri einmitt manneskjan sem myndi ljúka langri og myrkri göngu okkar allra. Veruleikinn er hins vegar sá að þögn hennar meiðir mig meira en margt annað hefur gert. Það væri betra ef ríkisstjórnin hefði sleppt því að biðjast fyrirgefningar því hugur virðist ekki hafa fylgt þar máli.

Þessu máli er ekki lokið fyrr en ég, Sævar og Kristján höfum verið sýknuð af röngum sakargiftum. Enginn vilji virðist hins vegar hafa verið í réttarkerfinu á neinu stigi málsins til að takast á við þá ábyrgð sem á því hvílir í þessu hörmulega máli.“

Sumarsæla í Múrbúðinni

Gott verð fyrir alla, alltaf!

MÚRBÚÐARVERÐ



Kaliber gasgrill
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 60x42cm

42.900



Grillbursti kr. 390

Kaliber
PREMIUM GRILL



Kaliber
PREMIUM GRILL

Öflugt og ódýrt

Kaliber Black gasgrill

3 brennarar (9kW).
Grillflötur 41x56cm

26.990

Grill yfirbreiðslur
Verð 4.995-5.590



Grillláhöld 3 stk.
í setti kr. 1.380



Kaliber gasgrill
4 brennarar, (12kW)
Grillflötur 62x41cm

57.900

Prýsti-
jafnarar
fylgja
öllum
grillum



Vagn fyrir
ferðagasgrill
12.900



Kaliber Ferðagasgrill
2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm

24.590



54.990

Kaliber Red
4 brennara (12KW) +
hliðarhella (2.5KW).
Grillflötur 41x56cm



26.490
Lavor Space 180
háþrýstidæla

2500w, 180 bör
(275 m/turbóstút)
510 L/klst
Pallahreinsir, hringbursti,
felgubursti og aukaspissar
fylgja.



12.490
Lavor One
Plus 130 háþrýstidæla

1800w, 130 bör (170 m/turbóstút)
420 L/klst.



29.990
Lavor Vertico
háþrýstidæla

Orka: 2100W-
230V-50Hz
Hámarksþrýstingur:
140 bör Max
Vatnsflæði: 400 L/klst. Max



44.900

MOWER CJ18

BS 3,5hp Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 125 CC,
skurðarvidd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L,
skurðhæð og staða
25-80mm/10



74.900

MOWER CJ20

Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton
mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvidd
53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst.,
safnpoki að aftan 70 L, hliðar
útskilun, skurðhæð og
staða 25-80mm/8



Steypugljái
á stéttina
– þessi sem
endist



67.900

MOWER CJ20G

Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton
mótor, rúmtak 150CC, skurðarvidd
51cm 20" Safnpoki að aftan
65L, hliðarútskilun.
Skurðhæð og staða
25-75mm/8

BRIGGS & STRATTON



24.900

Sláttuorf Mow
FBC310

Sláttuorf: 1 cylinder
loftkældur mótor.
0,7 kW Rúmtak 31CC,
Stærð bensintanks
0,65 L



Bio Kleen
Pallahreinsir
1 líter
895
5L 2.990 kr.

Mikið
úrval

Portúgalskir
leirpottar



Bláskorn 5 kg
1.490



10 kg **2.390**

Leca blómapottamöl 10 l.

990



Fyrirvari um prentvillur.

Opið laugardag

kl. 10-16 á Kletthálsi og
10-14 í Reykjanesbæ

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

netgíró

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Er ekki kominn tími til að draga rétt fólk fyrir dómsstóla?

Eftir / Ragnhildi Aðalsteinsdóttir

Ég var rétt skriðin yfir tvítugt þegar myndin Aðför að lögum eftir Sigurstein Músson var frumsýnd árið 1997, en þar var almenningi í fyrsta sinn gerð almennilega grein fyrir aðdraganda þess að sexmenningarnir svokölluðu voru dæmdir sekir í Guðmundar- og Geirfinnsmálum árið 1980. Fram að þessum tíma vissi ég lítið meira um málið en það sem ég hafði lesið í fréttasafninu Öldin okkar og að pabbi hafði einhvern tímann sagt mér að hann héldi að þessi ungumenni hefðu ekkert haft með málið að gera. Þessi mynd sem Sævar Marínó Ciesielski barðist fyrir að yrði gerð markaði þáttaskil í málinu og er upphaf þess að fólk fór að líta það öðrum augum. Þarna voru fyrst birt gögn sem sýndu alvarlega misbrestir á rannsókninni og yfirheyrslum sakborninga.



„Hvaða toppar í samfélaginu hafa hag af því að sannleikurinn upplýsist aldrei?“

Barátta sexmenninganna og aðstandenda þeirra fyrir réttlæti í þessu máli hefur staðið um árabil og síðasta haust fengu þeir loksins uppreista æru fyrir dómi og lögum, ja, nema Erla Bolladóttir. Hún var nefnilega ekki dæmd fyrir morð, bara meinsæri. Meinsæri sem var þvingað upp á hana með ólöglegum yfirheyrslum, löngum einangrunarvistum, kynferðisofbeldi og hótunum. Í viðtali við Erlu í Mannlífi í dag segir hún að Björn Bergsson, formaður endurupptökunefndar, hafi útskýrt ástæðuna þannig fyrir henni að það væri „ekki inni í myndinni að sýkna [hana] af meinsæri þar sem glæpurinn „lægi fyrir“. Að þeir væru með skýrslu sem [hún] hefði skrifað undir og í því væri glæpur [hennar] fólgin. Alveg óháð því hvornig því var náð fram.“ Erla segist í framhaldinu hafa „innt hann eftir því hvort það angraði ekkert rökhusun þeirra að samþykkja endurupptöku á morðunum þar sem sýkna var ljós en samþykkja að [þau] hefðu engu að síður verið að taka saman ráð [sín] um eitthvað sem aldrei gerðist.“

Í kjölfarið á sýknu morðanna baðst ríkisstjórnin hlutaðeigandi afsökunar, alla nema Erlu auðvitað því hún er jafnsek og áður fyrir dómum og lögum. Hún er orðin einhvers konar afgangsstærð í þessu máli sem yfirvöld virðast ekki alveg vita hvað þau eiga að gera við. Jafnvel Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra veit ekki í hvorn fótinn hún á að stíga og hefur virt að vettugi fund við Erlu sem hún þó sjálf boðaði til.

Hvað útskýrir áratugalanga þöggun stjórnvalda í þessu máli? Hvað höfðu yfirvöld að fela þá og hvað hafa þau að fela enn þann dag í dag? Hvaða toppar í samfélaginu hafa hag af því að sannleikurinn upplýsist aldrei? Löngu er ljóst að ætlunin var aldrei að komast að því sem þarna gerðist í raun og veru. Er ekki kominn tími til að draga rétt fólk fyrir dómsstóla, ekki bara þá sem báru ábyrgð á dauða Guðmundar og Geirfinns, heldur þá sem með valdniðslu hafa dregið saklaust fólk á asnaeyrunum allt þess líf?



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Helgu Völu Helgadóttur

Landsréttarklúðrið

■ Fyrir nærri tveimur mánuðum síðan kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp dóm sinn í Landsréttarmálinu. Áður hafði héraðsdómur, Landsréttur og Hæstiréttur fjallað um embættisfærslur Sigríðar Á. Andersen, þáverandi dómismálaráðherra, við skipan Landsréttardómara og var niðurstaðan ávallt sú að hún hefði brotið lög við þessa framkvæmd. Í hvert sinn sem dómur féll virtist hún ósammála niðurstöðunni og svo virðist sem henni hafi tekist að sannfæra samráðherra sína í ríkisstjórn og stjórnarþingmenn um að allir þrjú dómstólarnir færu villur vegar. Þetta kom berlega í ljós þann 12. mars sl. þegar dómur Mannréttindadómstólsins var kveðinn upp. Niðurstaðan kom forsætisráðherra sem og öðrum ráðherrum fullkomlega á óvart og er viðkvæðið enn að skiptar skoðanir séu á þessu öllu. Því miður virðist ríkisstjórnin ekkert hafa undirbúið sig undir það að svona gæti farið. Þeir sem rekið hafa mál fyrir dómi vita að þrátt fyrir að vera með algjörlega unnið mál, að eigin mati, verður alltaf að vera viðbúinn annarri niðurstöðu. En gert er gert og það þurfti að bregðast við til að koma íslensku réttarkerfi til bjargar. Þeir fjórir dómamar sem handvaldir voru inn

í réttinn sitja nú verklausir enda hefur Mannréttindadómstóllinn kveðið upp úr með það að dómstóllinn sé ekki sjálfstæður og óvillhallur sitji þeir í réttinum. Í vikunni sögðust forsætisráðherra og starfandi dómismálaráðherra ekkert ætla að aðhafast að sinni til að koma Landsrétti til aðstoðar. Gekk starfandi dómismálaráðherra svo langt í viðtali að nánast hneykslast á þeim fjórum dómurum sem ekki sinna dómstörfum sökum vanhæfis, enda hafi Hæstiréttur ekki sagt að ólögum skipun hefði áhrif á störf þeirra við réttinn. Það er eins og ríkisstjórnin sé enn ekki búin að átta sig á því að við erum skuldbundin til að hlíta niðurstöðum Mannréttindadómstólsins sem sagði málsmeðferð hjá þessum fjórum dómurum ekki vera fyrir sjálfstæðum, óvillhollum dómstól, sem er grundvallaratriði í réttarríkinu.

Þau virðast álíta það gæfulegt að dómstóllinn starfi eftir sem áður með þessa fjóra dómara svo hér ríki enn meiri glundroði þegar vinda þarf ofan af því sem gert hefur verið. Málskot til yfirdeildar er enn ekki farið af stað frá íslensku stjórnvöldum. Panell yfirdeildar hittist á tveggja til þriggja mánaða fresti og einungis brot af umsöknum um málskot er samþykkt. Það að skiptar skoðanir kunni að vera um málið þýðir ekki að ríkisstjórn Íslands geti leyft sér að horfa eingöngu á þá skoðun sem henni hugnast, sér í lagi þegar þrjú dómstig á Íslandi sem og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp að lögbrot hafi átt sér stað við skipan dómara. Nú þarf ríkisstjórnin að hætta að þvælast fyrir og koma Landsrétti aftur til starfa með fullnægjandi hætti. Með töfum á málsmeðferð getur orðið óafturkræft tjón og því verða stjórnvöld að taka af skarið og fullmanna Landsrétt með starfandi dómurum án frekari tafar. Annað er óboðlegt.



Höfundur er þingmaður Samfylkingar.

Aðsendar greinar ásamt litmynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.

Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!

"Íðraólgja þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum."

- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is



4 Blóm, pastellitir og einfaldar línur

Auður Ýr, húðflúrari og teiknari, skapar bæði fyrir sjálfa sig og aðra.



6 Allt er vænt sem vel er grænt

Hönnun í grænum litum er allsráðandi þessa dagana og fjölbreyttir hlutir í boði.

MANNLÍF

/ Heimili & hönnun

FÖSTUDAGURINN 3. MAÍ 2019 | Í SAMSTARFI VIÐ

HÚS
OG HÚBYLI



h

Heimili & hönnun
HÚS OG HÚBYLI

**Fatahönnuður
í Bryggjuhverfinu**

Umsjón / Sigríður Elín Ásmundsdóttir Myndir / Hallur Karlsson



Birta Ísólfsdóttir fatahönnuður og kærastinn Kristján Pétur Sæmundsson fluttu í Bryggjuhverfið fyrir ári síðan með nánast nýfædda dóttur sína. Hvorugt þeirra á tengingu í hverfið, hún er frá Hvolsvelli og hann úr Árbænum.

Ég flutti til Reykjavíkur 16 ára til að fara í menntaskóla og bjó þá með systkinum mínum sem voru líka í skóla. Við Kristján bjuggum síðast á Hverfigötu í þínulítilli íbúð þar sem við vorum með geggjað útsýni yfir Esjuna og þá var ekki aftur snúið. Þegar við fórum svo að leita okkur að íbúð til að kaupa, því hin var orðin of lítil fyrir þriggja manna fjölskyldu, vorum við með tvennt í huga sem okkur fannst verða að vera; útsýni og mikla lofthæð sem sameinast hér á efstu hæð í Bryggjuhverfinu,“ segir Birta og bætir því við að þessir stóru gólfíðu gluggar í stofunni hafi heillað mest þegar þau sáu íbúðina fyrst. „Útsýnið er æðislegt í góðu veðri,“ segir hún og við horfum út um þessa fallegu glugga á grámyglulegt rok og rigningu sem lemur á rúðurnar fyrir utan en efumst ekki um fegurðina sem blasir við á góðviðrisdögum.

Góð lofthæð setur svip á íbúðina

Birta og Kristján fóru ekki út í neinar stórframkvæmdir áður en þau fluttu inn, kalkmáluðu einn stóran eldhúsvegg gráan og þar með er það nánast upptalið enda ekkert sem þurfti að gera, þannig. Íbúðin er sirka síðan um aldamótin og er rúmlega 95 fermetrar með einum stórum svölum út af svefnherbergi og öðrum örilitlum út af stofunni; meira til að geta bara opnað út enda oft rok þeim megin; sjávarmegin. Mikil lofthæð setur sterkan svip á aðalrýmið sem telur stofu og eldhús sem renna saman í eina fallega heild. Eldhúsinnréttingin er svört og hvít og Birta segir okkur að þar sem borðplatan sé úr gleri og frekar óhentug sé planið að skipta henni út fyrir viðarborðplötu, þau ætla jafnvel að útfæra eyjuna eitthvað í leiðinni en ekkert sem búið er að negla. Litill

Hanna undir merkinu merkinu S. Stefánsson & Co

Birta og Kristján hafa hannað undir merkinu S. Stefánsson & Co sem byggir á yfir 60 ára fjölskyldusögu æðaræktar í Hrísey. Afí Kristjáns stofnaði upphaflega S. Stefánsson & Co og seldi dúnsængur og fleira en var svo aðallega heildsala fyrir hinar ýmsu vörur. Þarið ætlar að fara að hanna undir öðru merki til að aðgreina sig frá hinu upprunalega og mun það heita S. Stefánsson Studio. Birta hannar hágæða útvistarfatnað sem er einangraður með íslenskum æðardúni frá eyjinni fögru sem hún segir að þau heimsækki eins oft og þau geti því þau tína sjálf dúninn sem þau nota í framleiðsluna. „Eins og er er bara hægt að kaupa vörurnar okkar á síðunni okkar www.sstefansson.co.“



Þegar við fórum svo að leita okkur að íbúð til að kaupa, því hin var orðin of lítil fyrir þriggja manna fjölskyldu, vorum við með tvennt í huga sem okkur fannst verða að vera; útsýni og mikla lofthæð.

gangur, hjónaherbergi, bað og barnaherbergi er einnig á neðri hæðinni en uppi er hálf hæð þar sem stórt sjónvarpsherbergi er, þaðan sem hægt er að horfa niður í alrýmið.

orlof og fara alfarið að sinna minni hönnun,“ segir hún og við däumst að hugrekkinu; að segja upp vinnunni til að láta drauminn rætast sem virðist ætla fara vel af stað hjá Birtu og Kristjáni.

Birta og Kristján fóru ekki út í neinar stórframkvæmdir áður en þau fluttu inn, kalkmáluðu einn stóran eldhúsvegg gráan og þar með er það nánast upptalið enda ekkert sem þurfti að gera, þannig.



LÁTTU ÞÉR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LÍÐA VEL

NÝTT
Í LÚR

Dönsk
gæði



Lama
Danskt handverk
síðan 1939



Öll sæti
og bak
stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi



BRUNSTAD

Brunstad
hvíldarstóll



Öll sæti
stillanleg

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is



Stillanleg
rúm

Svefnsofar í miklu úrvali.



NÝTT
Í LÚR



BUGATTI
ITALY



SITTING VISION
hvíldarstólar



Öll sæti
stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is



Stillanlegur
höfuðpúði

GRACE hægindastóll



ORACOL tungusófi

CALIA
ITALIA



JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORD • SÆNGUR



VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is






Umsjón / Elín Bríta
Myndir / Hákon Davíð Björnsson

Blóm, pastellitir og einfaldar línur

Húðflúrari og teiknari sem notast mikið við blóm, pastelliti og einfaldar línur í verkum sínum.



Ákvaðst þú á einhverjum tímapunkti að verða listamaður eða gerðist það bara „óvart“?

„Ég hef verið ákveðin í að vinna við að teikna síðan ég var um 8 ára.“

Hvernig verk gerir þú aðallega og fyrir hvað?

„Undanfarin ár hef ég aðallega verið í fullri vinnu sem húðflúrari, sem þýðir að ég teikna mikið upp eftir hugmyndum annarra. Blóm eru áberandi í verkunum mínum, bæði þeim sem ég skapa fyrir aðra og fyrir sjálfa mig.“

Hvenær sólarhringsins finnst þér best að vinna?

„Mér finnst best að vinna upp úr hádegi, ég elska að taka rólegan morgun með kaffibolla og koma mér hægt í gang.“

Svo vinn ég þar til dóttir mín kemur heim úr skólanum.“

Hvaða litir heilla þig?

„Ég er hrifin af mjög einföldum litapallettum, helst með pastellitum. Ég nota mikið einn til tvo liti í bland við einfaldar línuteikningar.“

Hvaðan færðu innblástur?

„Úr náttúrunni, bókum og svo fylgi ég fullt af frábærum listamönnum á Instagram.“

Hefur þú alla tíð haft gaman af því að teikna?

„Já, ég á enn skissubækur og teikningar frá því ég var mjög ung og það er gaman að sjá hvað maður var að þæla þegar maður var yngri. Ímyndunaraflíð var svo allt

”

„Ég er ofboðslega hrifin af verkum Alphonse Mucha og Harry Clarke.“

öðruvísi þegar maður var sjö ára og svo líka þegar maður var 15 ára. Ég hef alveg unnið með hugmyndir sem ég hef rekist á í þessum gömlu bókum.“

Hvaða listamenn eru í uppáhaldi hjá þér?

„Ég er ofboðslega hrifin af verkum Alphonse Mucha og Harry Clarke, svo er vinur minn Sölvi Dúnn algjör snillingur.“

Hvað er fram undan á næstu misserum?

„Ég er í fæðingarorlofi eins og er og verð fram á næsta sumar. Mig langar vöðalega mikið að ná að skapa eitt-hvað fyrir mig á þeim tíma þar sem ég mun ekkert vera að flúra og kannski ná að setja upp sýningu. Svo mæti ég fersk til leiks aftur á Íslensku húðflúrsstofuna“

**HÚS
OG HÍBYLI**

Hús og híbýli er vandað og rótgróið tímarit um íslensk heimili og hönnun.

Tryggðu þér áskrift í síma 515 5500 eða sendu línu á askrift@birtingur.is.





NÝTT

Fontana



Bovino



Fontana

Mikið úrval af fallegum og vönduðum húsgögnum

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Sumarhúsgögn



Roma hornsófi verð 265.900 kr.



Havana tungusófi verð 570.000 kr.



Lyon sófasett verð 330.000 kr.

PÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR
900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Madison tungusófi verð 498.900 kr.



Basel hornsófi verð 343.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI
Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN



Heimili & hönnun

HÚS OG HÚBYLI



Töff loftljós.
Lýsing og hönnun,
85.990 kr.

Essence-
karafla í
mosagrænum
littala. Casa,
12.990 kr.



Ball-vasi frá Cooe Design. Modern. 1.490 kr.



Onyx-handlaug. Heimili og hugmyndir, 87.300 kr.

Grænt hlíðarborð úr marmara, frá Ferm Living. EpaL, 34.900 kr.



Framed-pegill frá Muuto (118x44,5 cm). EpaL, 84.600 kr.



Vorið tekur við

Umsjón / Ritstjórn Húsa og híbýla Myndir / Frá framleiðendum



Falleg motta.
Línan,
116.900 kr.



Grænn og vænn
hægindastóll.
ILVA, 34.900 kr.



Þvottakarfa. Tekk Company, 14.500 kr.



Græn glerskál.
KOKKA, 3.590 kr.

*
Með fyrirvara
um að verð gætu
hafa breyst.



Fallegt teppi eftir sænska
hönnuðinn Linu
Johansson, 140x180 cm.
Dimm, 12.990 kr.



Stílhreinn borðlampi
frá Nuura. EpaL.

HÚS OG HÍBYLI

Nýtt blað Húsa og híbýla er komið út



Notalegt hjá Þóru Breiðfjörð keramikar

Tímalaus hönnun við rætur Öskjuhlíðar

Gott jafnvægi milli þess hráa og hlýlega á Sólvallagötu

Heillandi lífrænn heimur í Vallanesi



Fallegt kort fylgir með blaðinu
Næturlæstin eftir Úlf Karlsson

HÚS OG HÍBYLI
NR. 382 • 4. TBL. • 2019 • VERÐ 2430 KR.

LEKKERT OG LJÚFFENG TUM PÁSKANA
MATARBLÖGGARAR OG LISTAMENN LEGGJA Á BORD
FRUMLEGAR HÁTÍÐARUPPSKRIFTIR

HEILLANDI LÍFRÆNN
HEIMUR Í VALLANESI

TÍMALAUS HÖNNUN
VIÐ RÆTUR ÖSKJUHLÍÐAR

GOTT JAFNVÆGI MILLI
ÞESS HRÁA OG HLÝLEGA
Á SÓLVALLAGÖTU

MINNINGAR Í FORMI
MYNDA Á HEIMILI
HÖLLU BÁRU

AYTM Í
PERSÓNULEGU
VIÐTALI

Notalegt hjá
ÞÓRU BREIÐFJÖRD KERAMIKER

www.birtingur.is | Áskriftarsíminn: 515-5500 | Áskriftarsíminn er opinn frá 9:00 - 13:00 alla virka daga.



Víðir Arnar Kristjánsson



Guðný Ósp Ragnarsdóttir



Haukur Halldórsson



Bergþóra Lárusdóttir



Snorri Björn Sturluson



Inga Björg Sigurðardóttir



Ólafur Sævarsson



Kristín Einarsdóttir



Agnar Agnarsson



Vilborg Gunnarsdóttir



Hrannar Jónsson



Guðný Guðmundsdóttir



Bergrós Hjálmarsdóttir



Ingunn Björg Sigurjónsdóttir



Björgvin Þór Rúnarsson

FRITT VERÐMAT



Hrafnkell Pálmason



Magnús Guðlaugsson



Sigurður Jónsson



Gunnar Vilhelmsson



Bjarni Stefánsson



Oscar Clausen



Sigurberg Guðjónsson



Árni Helgason



Sverrir Sigurjónsson



Aðalsteinn Bjarnason



Vera Sigurðardóttir



Steinar Ársælsson



Kristín Björg Jónsdóttir



Sigríður Elka Guðmundsdóttir



Óskar Már Alfreðsson

DOMUSNOVA

Fasteignasala

Fasteignasala venjulega fólksins - Nýbýlavegi 8 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - www.domusnova.is - Sími 527 1717

Hitt og þetta



Dropinn

– nýir náttúrulegir litatónar

Dropinn hannaður af **Arne Jacobsen** fyrir **Fritz Hansen** hefur nú verið framleiddur í nýjum litum en hann kom fyrst á markað árið 1958. Fagrir, dempaðir tónar einkenna nýju stólana og var hugsunin á bak við litavalið að hægt væri að blanda öllum litum saman í borðstofuna. Litill stóll með stóran persónuleika sem hefur fagað yfirbragð þar sem mjúkar og hreinar línur sameinast í einstakri hönnun stólsins.



MUUTO lampi fær Wallpaper verðlaun

Beam Lamp sem kanadíski hönnuðurinn **Tom Chung** hannaði fyrir **MUUTO** fékk hönnunarverðlaun **Wallpapertímaritsins**; **Design Awards 2019**, fyrir „Best Finishing Touch“. Nútímaleg og töff hönnun sem ritstjórn Húsa og hibýla heldur vart vatni yfir.

Georg bætist í söngfugla-fjölskylduna

Söngfuglarnir frá **Kay Bojesen** eru orðnir mörgum kunnugir. Söngfuglinn var fyrst hannaður árið 1950 en kom ekki á markað fyrr en árið 2012. Nú hefur fuglinn **Georg** bæst í safnið, dökkgrænn og silfraður og með þeim fallettri að okkar mati. Tímalaus og hressandi hönnun á hvert heimili.

Ný Múmín-lína um mikilvægi umhyggjunnar

Það myndast alltaf ákveðinn spenningur meðal múmín-safnara þegar tilkynnt er um nýjar vörur á markaðinn. Í ár er ekkert lát á og eru tveir nýir bollar að bæstast í safnið ásamt diskum og skálum. Ósýnilega barnið **Ninny** prýðir aðra línuna sem er falleg og ljúfsár saga um **Ninny** litlu sem varð ósýnileg vegna þess að fyrrum umsjónaraðili hennar



kom illa fram við hana. **Ninny** fer að taka á sig mynd aftur eftir að **Múmínfjölskyldan** tekur hana inn á heimili sitt og hugsar vel um hana. Ein evra af hverjum seldum bolla úr nýju línunum tveimur rennur til Barnaheilla.

Samstarf IKEA við afríska hönnuði

Ný og spennandi húsgagnalína sem ber nafnið **Överall** mun von bráðar líta dagsins ljós í Ikea. Línan er unnin í samvinnu við fimm þekktu afríska hönnuði eða hugsuði og er markmið hennar að vekja athygli á þeirri miklu sköpunargleði sem á sér stað þar í landi. Överall-línan er afar fjölbreytt og inniheldur meðal annars, stóla, hillur, mottur, körfur, kolla, pottjárnspott og ýmsan textíl. Við vonum auðvitað að línan komi til með að fást hér á landi, enda með eindæmum skemmtileg.



Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta. Sturtubotn fánlegur í mörgun stærðum og litum. Sturtuveggur með væng, 8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Góð vika



Slæm vika



Sleggjan



„Lágkúran og virðingarleysið er algjört.“

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, var ekki þar sáttur við forsvarsmenn og eigendur fyrirtækja sem gerðu út á sérstakan tilbodsdag á baráttudegi verkafélshreyfingarinnar, 1. maí.

„Fallni meirihlutinn á ekki að komast upp með kosninga-svindl í aflíðnum borgarstjórnarkosningum.“



Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, hefur kært úrskurð sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, vegna borgarstjórnarkosninganna. Á Facebook segir hún að kosningakeran fari nú í nýtt ferli.

„Þrátt fyrir þá breidd sem komin er í andstöðuna halda einstakir þingmenn stjórnarflokkanna, og þá fyrst og fremst þingmenn Sjálfstæðisflokksins, áfram að tala eins og vélmenni.“



Styrmir Gunnarsson er hissa á stuðningi þingmanna, einkum þingmanna Sjálfstæðisflokksins, við þriðja orkupakkann.

„Það sem vakir fyrir höfuðþaurum andstöðunnar við orkupakkarefilið er einkum að koma Íslandi úr EES. Margt af því líði sem nú heldur vöku fyrir þjóðinni með eilífu þrasi um það sem ekkert er, og kemur fullveldi landsins ekkert við, reyndi líka að nota „hráa kjöttið“ til að veikja undirstöður EES-samningsins. Þar var þó málstaðurinn ívið skárri.“



Össur Skarphéðinsson.

„Þú færð ekki að græða á neikvæðri líkamsmynd, átröskunum, fitufórómum og sársauka annarra.“



Tara Margrét Vilhjálmssdóttir, aktivisti fyrir líkamsvirðingu, sakar nöfnu sína Töru Brekkan áhrifavald um svik fyrir að hvetja fólk til að elska líkama sína en bjóða stöð á sama tíma upp á megrunarkaffi.

„Mér fallast hendur.“



Karl Ágúst Úlfsson, leikari og leikstjóri, á varla til orð yfir það að Miðflokksmenn skuli halda því fram að þeir hafi óræka sönnun fyrir því að Bára Halldórsdóttir hafi undirbúið aðgerð sína vel, þegar hún tók upp samtöl þeirra á Klausturbar.

„Eins og þegar hefur komið fram í fjölmiðlum hef ég ekkert að fela. Bara ekki neitt. Ef þessir menn vilja vita hvað ég nota stórar nærbuxur, þá get ég alveg upplýst þá um það.“



Bára Halldórsdóttir.

„Shit, hvað ég myndi ekki nenna þessu; að vera fimm saman í hljómsveit, setja upp sjálfur og þurfa að keyra allt í rútum. Við erum svo miklar pempúr í dag. Við spilum ekki ef við fljúgum ekki.“

Herra Hnetusmjör, eftir að hafa komið fram á Hótel Valaskjálfi á Egilsstöðum, sama kvöld og Stjórnin.



Lilja Alfredsdóttir menntamálaráðherra

Stjórnsmál eru að mörgu leyti vinsældakeppni og miðað við nýjustu mælingar sigrar Lilja Alfredsdóttir þá keppni með nokkrum yfirburðum. Ekki bara eru tveir af hverjum þremur áncægðir með störf Lilju heldur eru líka fæstir óáncægðir. Til marks um vinsældir hennar nýtur Lilja 100 prósent stuðnings félaga sinna úr Framsóknarflokknum og kjósendur annarra flokka bera mikið traust til hennar. Þar er reyndar Miðflokkurinn undanskilinn en í ljósi fyrri atburða má efast um hvort Lilja kæri sig um stuðning úr þeirri áttinni. Lilja er í raun komin í sambærilega stöðu og Katrín Jakobsdóttir var í fyrir nokkrum árum þar sem einungis var tímaspursmál hvenær hún yrði forsætisráðherra.



Mór Guðmundsson seðlabankastjóri

Góðkunningjar þessa dálks voru fyrirferðarmiklir í vikunni. Þingmenn Miðflokksins þreystast ekki við að minna almenning á Klaustrsmálið með sífellt langsóttari samsæriskeningum og einn af þeim fáu sem ekki sótti þann bar heim kvöldið örlagaríka ákvað að það væri sérdeillis fin hugmynd að stíga í stól Alþingis og segja að Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, sem sakaður hefur verið um gróf mannréttindabrot, sé bara hinn vænsti maður en bara svolítið misskilinn. En enn og aftur verðum við að velja Mór Guðmundsson seðlabankastjóra sem í vikunni var kærður til lögreglu af Samherjamönnum. Það er ekki hægt að halda öðru fram en að hagstjórnin undir forystu Más hafi verið farsæl en Samherjamálið virðist ætla að varpa dimmum skugga yfir feril hans.

NJÓTTU TÍMARITA Í SUMAR!

Nældu þér í eintak á næsta sölustað eða í sérstakt áskriftartilboð á birtingur.is



Sex mánuðir á 7.995 kr.



Þrjú mánuðir á 7.995 kr.

askrift@birtingur.is | Áskriftarsíminn er 515-5500 og opinn virka daga kl. 09:00 – 13:00



SsangYong Rexton

Bestu kaupin!

Fjór hjóladrifna SsangYong fjölskyldan hefur stimplað sig rækilega inn hjá bílagagnrýndum hér heima og erlendis og hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar. Nýjasti sigurvegarinn frá SsangYong er önnur kynslóðin af Rexton. Hann hlaut hæstu einkunn hjá 4x4 Magazine, bæði sem 4x4 jeppi ársins og bestu kaupin. Er ekki komið að þér að reynsluaka SsangYong?

fréttablaðið um bíllinn með ógnarmikið rými, hlaðinn búnaði og með

Finnur Thorlacius – Fréttablaðið

„Ökutæki sem er hlaðið búnaði, meiri búnaði en hægt er að telja upp og ég hef það á tilfinningunni að það vanti nánast ekki neitt. Bíllinn er með flottar innréttingar og er eins og hugur manns í akstri.“

Jóhannes Reykdal – Billinn.is

„Bíllinn var svo skemmtilegur að litli rúnturinn endaði í 300 km.“

Hjörtur L. Jónsson – Bændablaðið

„Yfirdrifið pláss er fyrir ökumann og farþega og yfirbragðið og efnisvalið innadyra allt eins og í mun dýrara farartæki.“

Sigríður Vilhjálmsdóttir – Morgunblaðið

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingar.



Tivoli – Upplifun ársins
Með veglegum aukahlutapakka

Verð frá:
3.490.000 kr.

**Margverðlaunaðir
alvöru 4x4 jeppar
með 5 ára ábyrgð**



Korando – Dráttarbill ársins
Með veglegum aukahlutapakka

Verð frá:
4.290.000 kr.

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílhúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum

g

Gestgjafinn
GRILL

Frábært flatbrauð á grillið



Umsjón / Bergþóra Jónsdóttir
Myndir / Aldís Pálsdóttir

Nú fer að verða grillhæft, að minnsta kosti að mati okkar Íslendinga. Við erum þekkt fyrir að láta ekki smávegis rigningu eða lágt hitastig koma í veg fyrir að nota grillin okkar. Það er líka ákveðinn vorboði þegar grilllyktin gýs upp í gördum fólks.

Flest þekkjum við það í lok vinnudags að þurfa að ákveða hvað eigi að vera í matinn á meðan við keyrum frá vinnu í búðina. Í langflestum tilfellum þarf maturinn að vera fljótlegur og framreiddur án mikils tilstands áður en taugatitringur svangra fjölskyldumeðlima verður óbærilegur. Í slíkum tilfellum er tilvalið að nýta grillið og bólstra máltíðina með brauðmeti. Að grilla brauð er sára-einfalt. Hér birtum við uppskrift sem bæði er fljótleg og afar ljúffeng. Það er að sjálfsgöðu einfalt að taka út álegg eða bæta við eftir þörfum. Sósan kom mjög vel út og við mælum með henni.

Flatbrauð með steiktum lauk, sveppum og sesamsmjörssósu

12 tommu flatbrauð

Flatbökuðeig

6 dl hveiti
2 ¼ tsk. lyftiduft
1 tsk. salt
1 msk. ólífuolía
2,5 dl vatn

Álegg

6 msk. olía
4 stk. laukur, sneiddur
1 tsk. sjávarsalt
3 portobello-sveppir, sneiddir
1 askja Flúðasveppir, sneiddir
1 msk. hrísgrjónaedik
1 msk. sojasósa
1 msk. sambal olek, chili-mauk



2 msk. ólífuolía, til penslunar
3 dl gouda-ostur, eða annar ostur, rifinn
1 dl parmesanostur, rifinn
hnefayfylli klettakál
3 ferskar fikjur, skornar í báta

Setjið þurrefnin í hrærvélarskál með hnoðara. Setjið olíu og vatn saman við í skömmtum. Hrærið þar til deigið hættir að festast við hrærvélarskálina. Þetta tekur u.þ.b. 3–5 mín. Það má líka gera þetta í höndum. Setjið til hliðar. Hitið olíu á pönnu við meðalhita og setjið laukinn út á, steikið í 3–4 mín. án þess að hreyfa mikið við honum. Snúið honum einu sinni til tvisvar og steikið áfram í um 5 mín. eða þar til hann hefur brúnast vel, saltið og takið af hitanum og setjið til hliðar. Hitið 2 msk. olíu

á pönnu og steikið sveppina í 5 mín. með smávegis af salti. Bætið ediki, sojasósu og chili-mauki út á pönnuna og hrærið vel saman við sveppina, bragðbætið með salti og pipar, takið af hitanum. Fletjið deigið út.

Hitið grillið á meðalhita og penslið grillgrindina með olíu. Passið að hafa hana hreina áður en þið byrjið. Gott er hafa áleggjið við höndina svo ekki þurfi að fara frá grillinu á meðan botninn grillast. Setjið botninn á grillið og eldið báðum megin í 2–3 mín. á hvorri hlið eða þar til góðar grillrendur hafa myndast. Snúið botninum með tång. Takið botninn af grillinu og penslið með olíu, dreifið hluta af ostinum yfir, dreifið lauknum og sveppunum yfir ostinn og svo að

síðustu afganginum af ostinum. Setjið aftur á grillið með lokið á þar til osturinn bráðnar, eða í um 3–5 mín., takið af grillinu. Stráið klettakáli og fikjubátum yfir og berið fram með sósunni.

Græn sesamsmjörssósa

2 dl tahini-sesamsmjör
hnefayfylli steinselja
safi úr einni sítrónu
1 dl ólífuolía
1 skalotlaukur
hnefayfylli ferskt dill
2 hvítlauksgeirar
salt og pipar eftir smekk



Setjið öll innihaldsefni í blandara og látið vélin ganga í um eina mín. eða þar til sósan er orðin silkimjúk og græn. Bragðbætið með salti og pipar.

Ertu á leið í leikhús?

Þá er kjörið að fá sér gott að borða í góðu umhverfi fyrir leikhúsið.



M
EAT
REYKJAVÍK

Þriggja rétta leikhústilboð alla daga aðeins 6.990 kr.

*Gildir einungis fyrir borð sem koma á milli 17:30 og 18:00
Gestir þurfa að hafa lokið máltíð fyrir 20:00*

Frakkastíg 8b - 101 Reykjavík

Sími: 557 - 7665 - rvkmeat@rvkmeat.is - www.rvkmeat.is



Gestgjafinn

MATUR

Marokkóskt lambagúllas

Alltaf er gaman að elda rétti sem koma frá öðrum heimshornum og enn skemmtilegra að nota ekta íslenskt hráefni í þá eins og lambakjöt. Þægilegt er að elda pottrétti og tilvalið að láta þá eldast lengi við vægan hita. Pottréttir eru oft betri daginn eftir og því gott að elda stóra skammta og láta duga í tvær máltíðir. Auðveldlega má skipta lambakjötinu út fyrir nautakjöt fyrir þá sem vilja það frekar.

Umsjón / Kristín Dröfn Einarsdóttir
Mynd / Aldís Pálsdóttir
Stílisti / Ólöf Jakóbína Ernudóttir



fyrir 4-6

- 2-3 msk. olía til steikingar
- 800-900 g lambagúllas
- 4-5 stórir skalotlaukar, saxaðir
- 3-4 hvítlauksgeirar, saxaðir gróft
- 1 msk. þurrkað óreganó
- 1 ½ tsk. túrmerik
- 2 tsk. kummin
- 1 dós niðursoðnir tómatar
- 3 dl kjötsoð
- 3 msk. tómatauk
- 1 msk. hlynsíróp
- 1 lárviðarlauf 
- 1 kanilstöng
- ½ hnetugrasker (eins má nota sætar kartöflur eða gulrætur)
- 8-10 stk. sveskjur
- gróft sjávarsalt
- nýmalaður svartur pipar

Hitið olíu á pönnu eða í stórum potti. Steikið kjötið þar til það hefur brúnast fallega. Takið af pönnunni og setjið til hliðar. Bætið olíu á pönnuna ef þarf og steikið lauk í nokkrar mín. Bætið hvítlauk saman við ásamt kryddi. Setjið kjötið aftur út í ásamt öllu hráefninu, nema hnetugraskeri og sveskjum. Látið malla við vægan hita í u.þ.b. 1 klst. Afhýðið hnetugraskerið og skerið í bita, setjið saman við réttinn ásamt sveskjunum og látið malla áfram í 30-40 mín. eða þar til graskerið er eldað í gegn. Bragðbætið með salti og pipar. Berið fram með góðu brauði, hrísgrjónum eða kúskúsi.



„Þægilegt er að elda pottrétti og tilvalið að láta þá eldast lengi við vægan hita. Pottréttir eru oft betri daginn eftir og því gott að elda stóra skammta og láta duga í tvær máltíðir. Auðveldlega má skipta lambakjötinu út fyrir nautakjöt fyrir þá sem vilja það frekar.“

Marokkóskt lambagúllas.

Gestgjafinn

Gestgjafinn er leiðandi tímarit um mat, matarmenningu, vín og ferðalög.

Tryggðu þér áskrift í síma 515 5500 eða sendu línu á askrift@birtingur.is.



- Frábær heimilismatur í hádeginu -



HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00




KÆNAN
VEITINGASTOFA

Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is

1
Lífsstíll
TÍSKA

Skemmtilegast að kaupa?
„Yfirhafnir. Ég á mögulega kannski aðeins of margar en réttlæti það með því að þær eru allar hver í sínum lit.“



Uppáhaldsfylgi-hluturinn? „Michael Kors-taskan mín. Ég er alltaf með hana, sama hvort ég er að fara í ræktina, í afmæli eða á árs hátíð. Ég á ekki margar merkjavörur en þessi taska hefur svo sannarlega verið peninganna virði.“

Uppáhaldsfúkin? „Gula kápan mín úr H&M. Það skiptir ekki máli í hverju ég er undir henni, hún gerir svo mikið fyrir heildarútlitið.“



„Dr. Martens-skórnir mínir hafa heldur betur staðið sig vel í gegnum árin og eru fullkomnir í hálkunni.“



„Ég elska falleg myndur. Þau gera hönnuðar hjartað mitt svo hamingjusamt.“



„Ég keypti þessa skyrtu og tileinkaði hana monstera-plöntunni minni sem ég kallaði Sigfús og lifði því miður ekki af skammdegið 2019. Blessuð sé minning Sigfúsar.“

„Sá sem uppgötvaði háa hæla hlýtur að hafa hatað þægindi“

Birgitta Rún Sveinbjörnsdóttir rekur Studio Yellow og segist hafa stökkið á tækifærið að titla sig framkvæmdastjóra þegar það gafst. Hún segir að sá sem uppgötvaði háa hæla hljóti að hafa hatað þægindi og sjálf eigi hún enga slíka.

Birgitta Rún segir stíl sinn vera frekar litríkan. „Það má segja að ég taki ákveðin tímabil með litina. Núna er ég til dæmis búin að vera á mjög löngu gulu tímabili og allt sem mér finnst fallett er gult á litinn.“

Efst á óskalistanum þessa dagana segir hún að séu gallabuxur. „Mig sárvantar gallabuxur; mínar ákváðu allar að rifna í klofinu sömu vikuna. Svo sá ég leðurjakka í Zara um daginn sem ég er enn þá að hugsa um. Ég kíki þangað eða Galleri 17 ef mig langar að gera vel við mig.“

Aðspurð segist Birgitta ekki kaupa mikið í

gegnum netverslanir. „Ég hef ekkert svakalega góða reynslu af því að kaupa fót á Netinu. Mér finnst ég verða að máta flíkina áður en ég kaup hana því ég rokka svo upp og niður í stærðum eftir því hvernig sniðið er. Ég hef þó misst mig á ASOS nokkrum sinnum. Ég fell oftast fyrir litríkum og stórum peysum sem gera aftur á móti ekkert fyrir línurnar. Ég hef svo lengi verið að klæða af mér; fela mig í stórum peysum. Í dag reyni ég að ögra sjálfri mér; smelli mér í þröng fót og leyfi línunum að njóta sín. Mér finnst það enn svolítið erfitt og þessa djörfu daga er ég mjög meðvituð um sjálfa mig. En ætli þetta sé ekki eins og með allt annað, að æfingin skapi meistarann?“

Birgitta segist hafa gert furðulegustu fatakaupin í New York. „Ég fór þangað í stelpuferð viku eftir að hafa verið sagt mjög óvænt upp af kærasta og sjálfsmynd mín var í algjöru rugli. Ég man varla eftir ferðinni en stelpurnar hlæja enn að þeim flíkum sem ég keypti

mér þar, enda var ég bara að kaupa til þess að fylla upp í eitthvert tómarúm. Ég keypti til dæmis síða ullargollu með hettu sem hefði vel getað verið búningur á Dumbledore í Harry Potter. Er búin að losa mig við allar þessar flíkur í dag, guði sé lof. Síðan þá hef ég tileinkað mér að kaupa mér ekki fót þegar mér líður illa, sérstaklega ekki í ástarsorg.“

„Ég hef svo lengi verið að klæða af mér; fela mig í stórum peysum. Í dag reyni ég að ögra sjálfri mér; smelli mér í þröng fót og leyfi línunum að njóta sín.“

Nafn: Fullt nafn: Birgitta Rún Sveinbjörnsdóttir.

Starfsheiti: Sjálfskipaður framkvæmdastjóri og vefhönnuður hjá Studio Yellow. Einnig bý ég til ferilskrár fyrir fólk undir nafninu Bold CV ásamt því að sinna námi mínu við Vefskólann þar sem ég er að læra vefþróun.

Aldur: 26 ára.

Áhugamál: Hönnun, markaðsfræði, fólk og ferðalög.

Fallegasti fataliturinn? Ég er rosalega hrifin af skærum litum þessa stundina.

Besta lykt í heimi? Bakaríslýkt eða rakspíralýkt ... get ekki valið á milli.

Þægindi eða útlit? Þægindi 100%. Ég á enga háa hæla til dæmis. Sá sem uppgötvaði háa hæla hlýtur að hafa hatað þægindi.

Skyldueign í fataskápinn? Nær fót, þú kemst nú ekki langt án nærfata. Ekki verra ef þú átt nokkur til skiptanna.

VIKAN

Vikan er fjölbreytt, fræðandi og skemmtileg.

Tryggðu þér áskrift í síma 515 5500 eða sendu línu á askrift@birtingur.is.





Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS



Rólegheit og afslöppun

Frænkurnar Ella Magga Sæmundsdóttir og Ólöf Inga Stefánsdóttir þekktust ekki neitt fyrr en þær kynntust fyrir tilviljun þegar þær unnu saman að verkefni tengdu handavinnu. Saman stofnuðu þær fyrirtæki sem selur þrjónauppskriftir á Netinu. Önnur býr í Noregi og hin í Danmörku en samstarfið gæti ekki gengið betur, enda segja þær fjarlægðina of mikla fyrir arg og þras.

Umsjón / Guðrún Óla Jónsdóttir
Myndir / Aðsendar

Ég var búin að halda úti opnu Snapchat í smátíma undir nafninu Amma Loppa,“ segir Ella. „Þar var ég að prufuprjóna fyrir nokkra aðila og sýna það en Ólöf var að þýða uppskriftir. Í gegnum þá vinnu kynntumst við og eftir því sem við kynntumst betur fundum við að okkur langaði að gera eitthvað skemmtilegt saman og byggja upp þrjónasamfélag sem væri jákvætt og miðaði að því að deila bæði þekkingu og reynslu. Eitt leiddi af öðru og í október síðastliðnum varð fyrirtækið Knillax til.“



Ella Magga ásamt ömmudrengnum Smára Geir, sem var skírður í skírarkjól sem hún þrjónaði.

Ólöf á heiðurinn af nafninu. Nafnið segir hún að sé sett saman úr orðunum knit (þrjóna), chill (rólegheit) og relax (afslöppun). „Það er líka það sem við viljum ná fram með þessu öllu saman. Rannsóknir hafa sýnt að þrjón er svipað og jóga; ótrúlega slakandi, eykur núvitund og hefur jákvæð áhrif á sálina.“ Ella bætir við að hún geti nú setið róleg yfir sjónvarpinu og þrjónað í stað þess að geta ekki verið kyrr og að spá í allt annað. „Svo þetta virkar vel á ADHD, ég tala af eigin reynslu,“ segir hún og hlær.

Frekari upplýsingar og uppskriftir er hægt að fá á knillax.is og með því að leita að Knillax á Facebook og Instagram. Þær Ella og Ólöf deila hér flottri þrjónauppskrift með lesendum.

Sumarstuttbuxur Knillax

Höfundur: Ella Magga

Um buxurnar

Buxurnar eru þrjónaðar ofan frá og niður, með böndum að aftan og smávegis púffskálmum. Við notuðum Dale Lille Lerki sem er blanda af merino-ull og bómull, sem hentar einstaklega vel í sumar- og inniflíkur. Buxurnar eru víðar og eiga að vera svolítið „loose“.

Mikilvægt er að athuga þrjónafestu og ef þú ert ekki með sama garn og er gefið upp í uppskrift gæti stærð og vidd á flíkinni orðið önnur.

Gott er að mæla krúttið með málbandi áður en byrjað er að þrjóna og taka svo stærð samkvæmt því.

Stærð: 0–6 mánaða, 6–12 mánaða, 1, 2, 3 ára

Ummál í cm: 54, 58, 63, 67, 71

Garn: Dale Lille Lerki, 142 metrar í 50 g

Magn í g: 100, 100, 150, 150, 150

Þrjónafesta: 24/10 á þrjóna númer 3.5

Nauðsynleg tæki og tól

Hringþrjón nr. 3.5, sokkþrjónar nr. 3.5 og 3 þrjónamerki, nál og tölur. Sól í hjarta og söngur á vörum. Kaffi og súkkulaði.

Skammstafanir í þessari uppskrift

PM – Þrjónamerki

K&S – Kaffi og súkkulaði

Smekkur

Fyrstu 2 og seinustu 2 lykkjurnar eru þrjónaðar sléttar á réttu og brugðnar á röngu.

Fitjum upp 50, 50, 56, 56, 60 lykkjur á lítinn hringþrjón númer 3,5, þrjónum 1 slétta og 1 brugðna fram og til baka, muna samt endalykkjurnar. Þegar þú ert búin með 4 umferðir þá þarf að gera hnappagöt í smekkin. Gerir þau frá réttu þannig: Þrjónar 4 lykkjur (með endalykkjum) slærð upp á þrjóninn og þrjónar síðan tvær saman. Þrjónar þar til 6 lykkjur eru eftir

af umferðinni, þrjónar 2 saman og slærð upp á þrjóninn, komin tvö hnappagöt á réttan stað. Ef þú ert með stærri tölur en 10 mm þá er gott að gera tvo snúninga á þrjóninn sem er samt sem áður þrjónað sem ein lykkja til baka. Þá færðu stærri hnappagöt sem henta fyrir 10–15 mm tölur. Nú er smekkurinn þrjónaður þar til hann mælist 9, 9,5, 10, 11, 11,5 sentimetrar. Þá náum við okkur í aðra dokku af garni og fitjum upp í framhaldi af næstu umferð 80, 90, 94, 96, 104, 110 lykkjur og þá ertu með 130, 140, 150, 160, 170 lykkjur á þrjóninum. Tengjum saman í hring og þrjónum slétt og brugðið 3, 3, 4, 4, 4 sentímetra. Skellum PM í hliðarnar með 65, 70, 75, 80, 85 á framstykki og bakstykki. Það er smart að hafa eitthvað dingl í PM og kannski grænt PM þar sem umferðin byrjar svo þú vitir hvar umferðin byrjar (eða endar). Eftir þetta er alveg upplagt að fá sér einn kaffibolla og súkkulaði.

Buxur

Þrjónar 2 umferðir. Næst ætlum við að gera stuttar umferðir sem gera pláss fyrir bossann og hækka buxurnar að aftan; það er gott fyrir þessi sem eru með bleyju. Þið metið það bara hvort þið þrjónið þær eða sleppið, við gömlu erum svolítið meira pikki á þetta en þessar ungu. Ef þið sleppið þeim ætti það ekki að koma að sök, því buxurnar eru víðar og kósí. Hér að neðan lýsi ég betur stuttum umferðum eins og ég geri þær.

Eftir stuttar umferðir er þrjónað í hring þar til buxur mælast 17, 19, 21, 23, 25 sentimetrar. Mælir frá kantbrún á hliðinni og mælir ekki smekkin með. Samt þarf aðeins að spá í það hversu stórt barnið er.

Skálmur

Stykkinu er skipt í skálmur og það eiga að vera 60, 64, 70, 76, 80 lykkjur á hvorri skálm. Þrjónar 30, 32, 35, 38, 40 lykkjur, fellir af 5, 6, 5, 5, 5 lykkjur, þrjónar 60, 64, 70, 76, 80 lykkjur, fellir af 5, 6, 5, 5, 5 lykkjur og þrjónar 30, 32, 35, 38, 40. Þá ertu komin með tvær skálmur með 60,



Ólöf Inga.

66, 70, 76, 80 lykkjum hvor, setur á sokkþrjóna nr. 3,5, færir PM (græna) og lætur umferð byrja innan fótar. Þrjónar 5 umferðir í hring. Í næstu umferð skiptirðu á þrjóna nr. 3 og gerir slétt og brugðið en þrjónar þannig fyrstu umferðina: 22, 24, 27, 30, 32 lykkjur, yfir næstu 16 lykkjur þrjónarðu 2 lykkjur saman 8x, og svo 22, 24, 27, 30, 32 lykkjur, þá kemur smávegis púff í hliðina sem er ferlega krúttad. Heldur áfram með slétt og brugðið um 2, 2, 3, 3, 3 sentímetra. Fellir af með sléttum og brugðnum lykkjum og passar að fella ekki fast af svo litlu lærin kremjst ekki. Ef krúttið er með bústin læri þá mæli ég með að nota áfram þrjóna 3,5 þá verður brugðning aðeins lausari. Gerir svo hina skálmuna alveg eins.



Axlabönd

Þú staðsetur byrjun á axlaböndum um 5 lykkjum frá miðju að aftan. Tekur upp 9 lykkjur fyrir bandið á þrjón nr. 3,5 og þrjónar 25–35 sentímetra slétt og brugðið (manst að það fer eftir því hvað barnið er stórt). Fellir af og festir tölu í endann. Mér finnst alltaf betra að hafa böndin aðeins lengri; það er hægt að setja tvær

tölur á böndin eða krossa að aftan og þá er hægt að nota buxurnar lengur. Þú gerir tvö bönd.

Að lokum er bara að ganga frá endum og sauma saman í klofinu og þá ertu búin með þessar súperkrúttlegu buxur.

Stuttar umferðir

Ef þú velur að gera stuttar þá geri ég þær svona. Ekki vera hrædd um göt því ef þú gerir þetta rétt þá sjást snúningarnir lítið sem ekkert. Þú átt kannski þína uppáhaldsaðferð og þá notarðu hana auðvitað. Ég nota German short row sem er snilld og uppáhaldsaðferðin mín.

Þrjónið þar til það eru 12 lykkjur að hliðarmerkinu, þrjónið eina lykkju til viðbótar (ekki með í talningu), snúðið stykkinu við og togði bandið aftan við þrjóninn þannig að lykkjan verði tvöföld. Þrjónið brugðið á röngu til baka þar til það eru 12 lykkjur að næsta hliðarmerki, þrjónið eina til viðbótar (ekki með í talningu), snúðið stykkinu við og togði bandið yfir þrjóninn þannig að aukalykkjan verði tvöföld. Þrjónið til baka að tvöföldu lykkjunni, þrjónið 4 lykkjur og endurtakið snúninginn. Passa með tvöföldu lykkjuna að hún er bara ein lykkja. Snúðið 3 sinnum í hvorri hlið.

Inni á Knillax.is er linkur á kennslu-myndbönd, þar á meðal German Short rows, sem ég mæli með að þú kíkir á.

Ekki þvo Superwash-garn í höndunum og alls ekki nota mýkingar-efni. Ég set mínar flíkur á léttan ullarþvott í vélinni og læt hana vinda á 800 snúningum. Legg svo til þerris á handklæði.



„Rannsóknir hafa sýnt að þrjón er svipað og jóga; ótrúlega slakandi, eykur núvitund og hefur jákvæð áhrif á sálina.“

FÖGNUM VORINU 4. MAÍ 2019

DISCO STUÐ

STÓR SÖNGKONURNAR

ÍRIS HÓLM OG ALMA RUT
KL. 24:00



ATH! FRÁ KL:

23-02

Gullkistan

undir styrkri stjórn Gunna Þórðar
sjá um stuðið til kl. 02:00



á góðri stundu

Skammast sín ekkert fyrir að dýrka gömlu myndirnar hans Cage

Sakbitnar sælur 🍌🍌🍌🍌🍌

Umsjón / Roald Eyvindsson

Atli Fannar Bjarkason, sjónvarpsmaður og ráðgjafi, segist vera frekar umburðarlyndur gagnvart öðrum og ekki síst gagnvart sjálfum sér. „Ég skammast mín þess vegna ekki fyrir að dýrka gömlu hasarmyndirnar hans Nicolas Cage,“ segir hann blákalat, „en þegar ég fékk þetta verkefni í hendurnar, þá gúgladi ég „guilty pleasure movies“ og þarna voru þær, tvær af bestu hasarmyndum allra tíma: Con Air og Face off.“



Skipst á andliti við John Travolta

„Einhver hefur skammast svo mikið fyrir að njóta þess að sjá Cage lumbra á hópi hættulegustu glæpamanna heims í flugvél og skiptast á andliti við John Travolta í Face off, að viðkomandi tilkynnti heimsbyggðinni það í gegnum Internetið: „Þessar myndir eru glataðar en ég fíla þær samt“. Já, eins og eini krakkinn í bekknum sem fannst mysudrykkurinn Garpur góður. Og þessi furðulegi sem borðar ógeðslegu jarðarberjamolana úr Mackintosh-dollunni.“



Kakóið í kókómjólkinni

„Þú mátt borða og drekka það sem þú vilt, málið er hins vegar að Nicolas Cage er ekki mysan í ávaxtaþykkninu eða jarðarberjamaukið í mjólkursúkkulaðinu. Hann er miklu frekar kakóið í kókómjólkinni eða karamellan í Mackintoshinu. Frammistaða hans í Con Air er fullkomin; harður en samt sympatískur: „Put the bunny back in the box.“ Geggjað. Og höfum á hreinu að það þarf ótrúlega hæfileikaríka leikara til að láta sögu eins og í Face off ganga upp.“

Atli segir að þetta séu geggjaðar myndir, sem hann hvetur alla til endurnýja kynni sín við. „Ég ætla að minnsta kosti að gera það og ég skammast mín ekki neitt.“



Atli Fannar Bjarkason

Lætur allt flakka

Jonathan Duffy frumsýnir nýja uppistandssýningu, It's been a while eða Það er svolítið síðan, í Tjarnarbíói í kvöld. Í samtali við Mannlíf segist ástralski grínistinn, sem er nýkominn úr uppistandsreisu um heiminn með Hugleiki Dagssyni, ætla að vera samur við sig og láta allt flakka. En þó með nýju sniði.

Texti / Roald Eyvindsson

Þetta verður svolítið ólíkt öðru sem ég gert að því leytinu til að sýningarnar mínar hafa yfirleitt byggst á einhverju tilteknu þema,“ útskýrir Jonathan þegar hann spurður að því hvernig sýningin komi til með skera sig frá fyrri sýningum hans. „Sú síðasta, I wouldn't date me either eða Ég myndi ekki deita mig heldur, fjallaði til dæmis öll um stefnumót. Þessi sýning aftur á móti snýst meira um það sem ég hef verið að gera undanfarið og ýmis áhugaverð atriði sem ég hef veitt athygli. En gagnstætt því sem sumir virðast telja hef ég alls ekki setið auðum höndum frá seinustu sýningu heldur verið alveg á fullu að gera alls konar áhugaverða og spennandi hluti, eins og að heimsækja fjölskylduna mína í Ástralíu, setja saman minn eigin spjallþátt og að þjálfa fyrir hálfmaraþon – eða alla vega verið að reyna það. Þannig að þótt ég komi bara til með standa einn á sviði, með ekkert nema geislandi persónuleikann, verður af nógu að taka.“

Heilt ár er liðið síðan Jonathan tróð upp einn og segir hann að það sé í raun helsta ástæðan fyrir því að hann ákvað að fara af stað með nýja sýningu. „Eftir að áhorfandi kom upp að mér eftir uppistand á Kex og sagðist hafa haldið að ég væri fluttur aftur til Ástralíu þá fannst mér tímabært að henda í sólóssýningu,“ segir hann léttur í bragði. „Þú veist, svona til að láta fólk almennt vita að ég er enn á Íslandi og að ég er ekki dauður.“

Hann segir að það sem geri sýninguna líka spennandi sé að efnið sé splunkunýtt. „Já, ég hef verið að skrifa það á síðustu vikum svo þetta verður ferskt og spennandi en skelfilega taugatrekkjandi líka.“

Óttaðist móttökurnar í Austur-Evrópu

Eins og áður sagði er Jonathan nýkominn til landsins eftir að hafa



Jonathan Duffy mætir ferskur til leiks í Tjarnarbíói í kvöld, eftir að hafa túrað um heiminn með Hugleiki Dagssyni.

túrað um heiminn ásamt Hugleiki Dagssyni. Spurður hvernig ferðalagið hafi gengið segir hann að í hreinskilni hafi þetta verið kreisí keyrsla. „Við náttúrlega tróðum upp í nýju landi nánast daglega og það

kom nokkrum sinnum alveg fyrir að ég vissi ekki hvar við vorum að koma fram, ég var orðinn svo ringlaður,“ játar hann og hlær. „En þarna gafst gott tækifæri til að sjá hvort bandararnir mínir féllu í kramið

hjá öðrum menningarsamfélögum, sem þeir gerðu nú, sem betur fer. Svo var líka spennandi og áhugavert fyrir mig persónulega sem samkynhneigðan karl að skemmta í löndum eins og Serbíu, Króatíu og Tékklandi þar sem samkynhneigð er ekkert sérstaklega samþykkt.“

Hann segist til dæmis alls ekki hafa búist við að gríninu hans yrði vel tekið í Serbíu. Sem varð þó raunin. Áhorfendur þar hafi satt best að segja elskað brandarana hans. „Annað sem kom á óvart var að ég bjóst allt eins við því að það yrði einhver tími aflögu til að gera ekki neitt. En það gerðist aldrei. Maður bara vaknaði, fór á flugvöllinn, ferðaðist eitthvert, kom fram, fór að sofa og svo bara byrjaði ballið upp á nýtt. Þetta var alveg galið en nokkuð sem flesta grínista dreymir um að gera, svo í raun og veru getur maður ekki leyft sér að kvarta.“

Við nánari umhugsun segir hann að áhorfendurnir í Austur-Evrópu hafi reyndar um margt minnt hann á Íslendinga. Þeir séu með sama svarta húmorinn og finnst virkilega gaman þegar grínistar ganga eins langt og þeir geta. „Ég tók líka eftir því að þeir njóta þess að vera skotsþónn grínsins, alveg eins og þið.“

Gisti á hryllingshótel

Jonathan segir að annars hafi margt stórfurðulegt komið upp í ferðalaginu. „Já, eins og til dæmis þegar við tékkuðum inn á hotel í Serbíu sem hefði getað verið úr Shining eða þegar rann upp fyrir mér að í raun og veru er ég ekki með neitt brjálaðislegt blæti fyrir Íslandi,“ segir hann og kímur. „En ég ætla mér ekkert að fara nánar út í þá sálma að sinni, fólk verður bara að mæta á sýninguna mína ef það vill vita meira,“ segir hann leyndardómsfullur. Nánari upplýsingar um hana megi finna á vef Tjarnarbíós, www.tjarnarbio.is

„Við náttúrlega tróðum upp í nýju landi nánast daglega og það kom nokkrum sinnum alveg fyrir að ég vissi ekki hvar við vorum að koma fram.“

ÁHUGAVERÐ HLAÐVÖRP

Umsjón / Roald Eyvindsson

Kynlíf, dauði og áhugaverðar sögur

Unnsteinn Jóhannsson, verslunarmaður fílar hlaðvörp og segist hlusta mikið á hlaðvörp frá Bandaríkjunum, allt frá ýmiss konar þáttum um raðmorðingja og aðra meinta glæpamenn, yfir í þætti sem opna fyrir honum nýjar viddir, sem snerta mannlegan fjölbreytileika heimsins.

„Ég byrjaði að hlusta á hlaðvörp þegar yndisleg vinkona mín, Valgerður Pálsdóttir, kenndi mér listina að hlusta á góð hlaðvörp. Eftir að hún var búin að benda mér á þau fyrstu var ekki aftur snúið og síðustu þrjú ár hef ég verið algjörlega háður því að hlusta á allskonar áhugaverða þætti,“ segir Unnsteinn og mælir sérstaklega með þremur eftirfarandi hlaðvörpum.

Death, sex and money

„Þetta er eitt af fyrstu hlaðvörpunum sem mér var bent á að hlusta á, en eins og titillinn á því bendir til þá tekur Anna Sale fráber og áhugaverð viðtöl við fólk úr öllum áttum, bæði frægt fólk eins og Jane Fonda, Ellen Burstyn og

Lena Waithe, en líka við allskonar fólk sem hefur áhugaverðar sögur að segja. Ég mæli með að byrja á byrjun og vinna sig að nýjustu þáttunum. Þessir þættir gefa fólk nýja sýn og hafa opnað fyrir mér augun í hinum ýmsu málefnum.“

Nancy

„Nancy er hinsegin hlaðvarp sem er stjórnað af Tobin Low og Kathy Tu. Þau láta engin málefni ósnert er varða hinseginleikann og fjölbreytileikann.“



„Ég byrjaði að hlusta á hlaðvörp þegar yndisleg vinkona mín, Valgerður Pálsdóttir, kenndi mér listina að hlusta á góð hlaðvörp.“

Oft eru viðfangsefnið erfið og geta snert hlustandann, en með jákvæðni og gleði ná þau góðu jafnvægi í þáttunum og í raun finnst mér ég hafa eignast nýja vini við að hlusta á þau, enda eru þau dugleg að deila sínum eigin persónulega sögum með hlustendum.“

Rough translation

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu hlaðvarpi sem er stjórnað af Gregory Warner en ég var fyrst að heyra af því fyrir nokkrum dögum. Þemað er að ferðast um heiminn og finna sögur sem eru áhugaverðar og geta jafnvel brúað bilið milli þess kunnuglega og óþekktu milli heimshorna. Þá er ég mjög spenntur fyrir þáttaröð tvö sem ber heitið The Rebels en í henni eru viðtöl við fólk sem syndir á móti straumnum og tekur málin í sínar eigin hendur. Fyrsti þátturinn kom út 17. apríl og ég bið mjög spenntur eftir næsta þætti.“

Unnsteinn Jóhannsson.

Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Melabúðinni, Fjarðarkaup, Heimkaup og í fjölmörgum apótekum og völdum útsölustöðum um land allt.

DetoxLove er lífrænt, vegan, hollt og ómótstæðilega gott, heitt eða kalt eða saman við booztíð þitt!

abel heilsuvörur



Forsvarsmenn Alvotech og Changchun High & New Technology Industries ásamt Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni félagsmálaráðherra og Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands.

Alvotech reisir nýja lyfjaverksmiðju í Kína

Hönnun og undirbúningur fyrir byggingu nýrrar lyfjaverksmiðju Alvotech í Changchun í Kína er á lokametrunum og standa vonir til að hún verði komin í gagnið á næsta ári. Verksmiðjan er byggð í samstarfi við Changchun High & New Technology Industries og opnar samningurinn við kínverska fyrirtækið dyrnar að öðrum stærsta lyfjamarkaði heims.

Sendinefnd frá Changchun High & New Technology Industries var stödd hér á landi í vikunni og fundaði meðal annars með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, ásamt forsvarsmönnum Alvotech. Samningurinn við kínverska fyrirtækið, sem metinn er á 22 milljarða króna, var undirritaður í september 2018 og felur í sér samstarf um þróun, sölu og framleiðslu líftækni-lyfja Alvotech í Kína. Samstarfið tryggir Alvotech beinan aðgang að næststærsta lyfjamarkaði heims en Changchun High & New Technology Industries hefur áratuga reynslu á markaðnum og mun sjá um sölu og dreifingu lyfjanna.

Þetta er þó ekki eini samstarfssamningurinn sem Alvotech hefur gert við fyrirtæki í Asíu. Nýlega gerði Alvotech stóran samning um þróun og framleiðslu sinna lyfja í Japan við Fuji Pharma sem er skráð í Kauphöllina í Tókýó. Auk þess keypti fyrirtækið um 4,2 prósentu hlut í Alvotech á rúmlega 6 milljarða króna.

Með samstarfssamningum í Kína og Japan og eigin söluneti í Bandaríkjunum (í gegnum Alvogen sem er systurfyrirtæki Alvotech) hefur Alvotech tryggt sér beint aðgengi að þremur stærstu lyfjamörkuðum heims.

400 vísindamenn á Íslandi í lok árs

Líftækni-lyf Alvotech fara á markaði um allan heim á næstu árum þegar einkaleyfi renna út og er áætlað að fyrsta lyfið komi á markað strax á næsta ári. Fyrstu klínisku rannsóknirnar hófust nýverið en um ræðir líftækni-lyfshliðstæðu lyfsins Humira sem er í dag söluhæsta lyf heims. Lyfið hefur reynst árangursríkt við meðferð á ýmsum sjálfsofnæmissjúkdómum, eins og liðagigt og

psoriasis. Um 400 þátttakendur taka þátt í rannsókninni, sem á sér stað á 30 stöðum vítt og breitt um Evrópu.

Alvotech hefur gert fjölmarga samstarfssamninga undanfarin misseri um sölu og markaðssetningu lyfja Alvotech og verða þau seld á öllum helstu lyfjamörkuðum heims á næstu árum. Til marks um vöxtinn hefur Alvotech ráðið um 40 háskólamenntaða starfsmenn til starfa á þessu ári. Starfsmenn í dag eru um 300 talsins en áætlað er að fyrir lok árs verði ráðnir um 100 háskólamenntaðir vísindamenn til viðbótar á Íslandi.

Ísland og Alvotech í leiðandi stöðu

Róbert Wessman stofnandi Alvotech segir ánægjulegt hversu vel gangi að fá erlenda samstarfsaðila til liðs við fyrirtækið.

„Að byggja nýtt líftækni-lyf frá grunni tekur tíma og hugrekki. Við höfðum skýra sýn fyrir um 10 árum síðan hvernig lyfjamarkaðurinn myndi þróast og við vildum ekki aðeins vera þátttakendur í þeirri þróun. Við viljum vera leiðandi fyrirtæki í heiminum á þessu sviði og staða Alvotech sýnir að við erum á réttri leið. Samstarfssamningar við stór lyfjafyrirtæki í Asíu með áratuga langa sögu sýnir þá tiltrú sem þeir hafa á okkar þróunarstarfi og er okkur mikil hvatning.

Fjárfesting Alvotech í dag í þróun lyfjasafns, byggingu hátækni-lyfjastofu og þjálfun starfsfólks er um 70 milljarðar króna og áfram munum við fjárfesta á næstu árum. Þetta þarf því talsverða þolinmæði en nú styttest óðum í að fyrstu lyf okkar komi á markað eins og við var búist. Með tilkomu lyfja Alvotech mun aðgengi sjúklinga aukast að hágæða líftækni-lyfjum og lyfjakostnaður mun lækka umtalsvert þegar einkaleyfi frumlyfja renna út.“

”

„Með samstarfssamningum í Kína og Japan og eigin söluneti í Bandaríkjunum hefur Alvotech tryggt sér beint aðgengi að þremur stærstu lyfjamörkuðum heims.“



Alvotech og Changchun High & New Technology Industry munu í sameiningu reisa nýja lyfjaverksmiðju í Changchun, sambærilega þeirri sem stendur í Vatnsmýri.



Kínverska sendinefndin heimsótti meðal annars forseta Íslands á Bessastaði meðan á heimsókninni stóð.



Verk eftir Erró prýða höfuðstöðvar Alvotech í Vatnsmýri. Listamaðurinn hitti kínversku sendinefndina, skálaði við fulltrúa hennar og færði þeim bók að gjöf.



Albumm
AFÞREYING



Texti / Steinar Fjeldsted



Gaf út sitt fyrsta lag tíu ára

Tónlistarmaðurinn Guðjón Bøðvarsson eða Guð Jon eins og hann kallar sig, var að senda frá sér fimm laga EP-plötu (stuttskífu) sem ber heitið **Holmgang**. Platan er öll tekin upp í Family Day Recordings Studio, á lítilli eyju rétt hjá Noregi.

„Það búa mjög fáir á eyjunni og lítið símasamband,“ segir Guðjón spurður út í staðsetninguna. „Fullkomið til að taka upp í ró og næði.“

Guðjón sem gaf út sitt fyrsta lag aðeins tíu ára er búsettur í London þar sem hann vinnur að tónlist sinni. Um síðustu jóla sendi kappinn frá sér jólaglagið **You remind me** og var það tekið upp í hinu víðfræga hljóðveri Abbey Road. Löggin eru frekar ólík innbyrðis en platan sjálf í afslappaðri kantinum, að sögn Guðjóns. Hægt er að hlusta á hana á öllum helstu streymisveitum og á **Albumm.is**.

Á hvað er Birgir að hlusta?

Tónlistarmaðurinn **Birgir** er heldur betur á blússandi siglingu um þessar mundir en hann sló í gegn með laginu **Can you feel it**, sem kom út árið 2017 og hefur fengið yfir 11 milljón spilar á Spotify. Fyrir skömmu sendi Birgir frá sér nýtt lag en það ber heitið **Alive** og verður að finna á væntanlegri breiðskífu hans sem lítur dagsins ljós með sumrinu.

Birgir er mikill tónlistargrúskari enda á hann ekki langt að sækja tónlistarhugann þar sem hann er sonur Stefáns Hilmarssonar, eins ástsælasta söngvara landsins.

Albumm.is fannst því tilvalið að heyra í kappnum og fá að heyra á hvaða tíu lög hann væri að hlusta um þessar mundir. Listinn er vægast sagt þéttur en hægt er að hlýða á hann á **Albumm.is**.



„Fimm ára ég væri stolt ef hún sæi mig núna“

Tónlistarkonan og lagasmiðurinn **Hildur** hefur í nógu að snúast þessa dagana en hún var að senda frá sér þrjú lög með stuttu millibili. Hún mun einnig gefa út EP-plötuna **Intuition** með vorinu og vinnur að sinni fyrstu sólóplötu.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Myndir / Árni Eyþórsson



Tónlistarkonan og lagasmiðurinn Hildur er með mörg járn í eldinum, „... þrátt fyrir að hafa gefið út tvær EP-plötur þá er eitthvað fullorðinslegra við að gera heila plötu.“

Öll lög sem ég hef gefið út síðan í haust verða á þessari EP-plötu og svo bætist síðasta lagið við í vor,“ segir Hildur en kveðst núna vera að einbeita sér að sólóplötunni. „Það er svolítið „skerí“ því þrátt fyrir að hafa gefið út tvær EP-plötur þá er eitthvað fullorðinslegra við að gera heila plötu. Ég ætla að spila meðfram því og semja fyrir aðra, en fókusinn verður á hana.“

Hildur segir að **Woman in War** sem kom út fyrir viku, sé eiginlega uppá-haldslagið hennar á **Intuition** og að umfjöllunarefni þess skipti hana miklu máli. Hana hafi lengi langað að semja lag um hvernig er að vera kona og þurfa að berjast á tímum þegar jafnrétti ætti að vera orðið sjálfsgagt. „Það er ekkert gaman að vera alltaf að benda á allt sem er að, en það er samt það sem þarf að gera til þess að hlutirnir breytist, og ég held að margar konur tengi við þetta.“ Hún segir að það hafi verið svolítið þúsl að gera popplag um þetta umfjöllunarefni en lagið hafi fæðst hratt þegar hún var komin með réttu hljóðmána. „Ég var líka nýbúin að horfa á heimildarmynd um Kate Bush og eftir á að hyggja átta ég mig á að þetta lag er mjög innblásið af henni, sem er bara geggjáð.“

Samdi lag til 5 ára sjálfrar sín

Fyrir stuttu sendi Hildur einnig frá sér lagið 1993, lag sem hún samdi til fimm ára sjálfrar sín. „Ég hafði nýlega verið með ritstíflu að reyna að semja nýja tónlist og efaðist eitthvað um það hvort ég ætti yfirhöfuð að vera í þessum bransa. Þá mundi ég eftir pepp-setningu sem ég hafði stundum sagt við sjálfa mig: „Hugsaðu þér hvað fimm ára þú yrð stolt ef hún sæi þig núna.“ Setning sem ég notaði stundum, t.d. þegar ég var að brjóta mig niður eða fannst ég ekki nógu dugleg, því það er eitthvað svo fallett að hugsa til þess að fimm ára langaði mig mest að vera uppi á sviði að syngja og vera tónlistarkona og hvað þessi fimm ára ég yrði nú stolt sæi hún allt það sem ég er að gera. Upp úr því spratt setningin „when I grow up I wanna be me“,“ útskýrir hún og vonar að lagið minni fólk á að það sé aldrei of seint að fylgja draumum sínum eftir, þótt leiðin geti verið flókin og löng.

Finnst gaman að semja fyrir aðra

Hildur hefur líka túrað mikið og komið fram á tónlistarhátíðum, bæði hér heima og erlendis. Hún segir það ganga vel og finnur fyrir áhuga ytra, ekki síst eftir að hún

komst á samning hjá bandaríska plötufyrirtækinu **Anti Fragile**, sem uppgötvaði hana á Spotify. Þá hefur hún verið að semja tónlist fyrir aðra og segist finna sig í því, enda sé bransi lagahöfunda erlendis áhugaverður.

„Það skemmtilegasta við að semja lag „eftir pöntun“ er að maður stígr inn í heim þess sem maður er að semja lagið fyrir og fer að velta alls konar hlutum fyrir sér; hvernig stíl er sú manneskja með, hvernig rödd og hverju hún reynir að koma á framfæri og svo framvegis,“ lýsir hún og segir að við þetta allt hafi hún kynnst mörgu frábæru fólki í bransanum og þroskast sem lagahöfundur.

Spurð út í íslensku tónlistarsenuna segist hún seint þreytast á að monta sig við útlendinga af því hvað við eigum mikið af frambærilegu tónlistarfólki. „Hér er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að koma fram og maður þarf bara að hafa sig allan við að fylgjast með. Ég væri vissulega til í að sjá fleiri konur á topplistum en vonandi breytist það,“ segir hún full jákvæðni og kveðst líka vilja peppa ungt tónlistarfólk sem þorir ekki enn þá að láta vaða. „Fyrstu skrefin eru erfiðust en það er dýrmætara að prófa en að þora aldrei.“ Hildur er í lengra viðtali á **albumm.is**.

Albumm mælir með



Umbra í Mengi

■ Fimmtudaginn 9. maí mun hljómsveitin **Umbra** flytja norræn þjóðlög og sagnadansa ásamt Mariúsöngvum og dönsum frá Katalóníu, nánar tiltekið úr handritinu **Llibre vermell**. Umbra var stofnuð haustið 2014 og er skipuð fjórum atvinnutónlistarkonum. Sveitin gaf út tvær plötur hjá plötuútgáfunni **Dimmu** árið 2018; annars vegar plötuna **Úr myrkinu**, sem kom út í apríl 2018 og inniheldur forn lög úr evrópskum handritum sem tengjast dekkri hljóðum mannlegrar tilveru, og hins vegar jólaplötuna **Sólhvörf** sem kom út í nóvember 2018. **Herlegheitin fara fram í Mengi og húsið opnar klukkan 20.30. Miðaverð er 2.500 krónur.**

Blásið til gleði á KEX



■ **Una Stef** og hljómsveit hennar ætla að blása til tónleika og almennrar gleði á **KEX föstudagskvöldið 10. maí**. Una hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi síðastliðin ár og heillað landann bæði með tónlist sinni og kröftugri framkomu á sviði með hljómsveit sinni, sem er þekkt fyrir taktívu á heimsmeilvörðum. Á KEX verður frumflutningur á splunkunýju efni sveitarinnar og gert er ráð fyrir alls kyns dilli. Dansskór eru æskilegt skótau en ekki skylda.

Frítt inn og allir velkomnir.

Karli í Núllinu



■ **Karl Torsten Stållborn**, sem þykir vera með hæfileikaríkari teiknurum landsins hefur opnað sýninguna **KARLI í Núllinu** gallerí við Bankastræti 0. Á sýningunni sýnir Karl teikningar sem hann hefur verið að vinna í vetur. **Sýningin opnaði 2. maí og stendur yfir til 5. maí. Núllið gallerí er opið frá klukkan 16 til 22 alla daga. Sjón er sögu ríkarí.**

Beyoncé-dansnámskeið fyrir karla

■ Vegna fjölda áskorana hefur **Margrét Erla Maack** ákveðið að kenna fjögurra vikna **Beyoncé-námskeið** sem ætlað er kórlum. Námskeiðið hentar þeim sem aldrei hafa dansað áður og þeim sem vilja auka liðleika, líkams- og rýmisvitund, fíflast duglega einu sinni í viku í nokkuð vernduðu umhverfi, eiga góð múv á dansgólfinu og að sjálfsögðu læra að tverka. Nánari upplýsingar og skráning er á **Kramhusid.is**.

Ásturlög með dimmu „twisti“



■ Tónlistarkonan **Karítas** hefur sent frá sér sitt fyrsta lag, **Wear Somebody Else**, og myndband við það. Karítas samdi lagið fyrir um tveimur árum og segir að upprunalega hafi það bara verið samið við lítið, ómerkilegt píanóriff. „Ég er með EP-plötu í vinnslu sem kemur út snemma í haust – ef allt gengur eftir,“ segir Karítas en flest löggin eru ásturlög með „dark twist“, eins og hún orðar það. Tónlistarmaðurinn **Dadykewl** sem gaf út plötuna **Klámstjarna** á síðasta ári, útsetti lagið. Hægt er að hlusta á **Wear Somebody Else** og sjá myndbandið við lagið á **Albumm.is**.



Beina sjónum að öfund

■ **Vigdís Erla Guttormsdóttir** og **Mia Kingo** sendu nýlega frá sér stuttmyndina **Grounded**. Myndin lítur inn í huga þjakaðan af öfund og skoðar nánar hvað gerist þegar sú tilfinning brestur á. Einnig er skoðuð tengingin á milli löngunar, óánægju, ástar, taps, skammar, sjálfsálits og skynsemi. **Grounded** skartar áhrifaríkum dansi en það er **Mia Kingo** sem fer þar á kostum. Tónlist leikur einnig stórt hlutverk í myndinni en **Inga Magnes Weissshappel** á heiðurinn að henni. Hægt er að sjá **Grounded** á **Albumm.is**.

SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Doritos ZINGER



1.299 kr.

Zinger kjúklingabringa, svart Doritos, ítölsk sósa, kál og léttmajónes.



1.999 kr.

Doritos Zinger borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Stjörnurúlla.

Aldrei horft á Biggest Loser Ísland

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Um helgina fer Reykjavík Crossfit Championship fram í báðum Laugardalshöllum og í hlíðum Esjunnar. Um 120 keppendur sem koma frá 17 löndum taka þátt í keppninni og má þar nefna Björgvin Karl Guðmundsson og Þuríði Erlu Helgadóttur. Evert Víglundsson er einn af skipuleggjendum keppinnar og við fengum hann til að segja okkur frá nokkrum staðreyndum í lífi sínu.

1 Ég er uppallinn á Húsavík og bjó þar til tvítugs.

2 Ég byrjaði að safna gráu hári um 18 ára aldur.

3 Ég er faglærður framreiðslumaður og vann sem slíkur í um fimmtán ár, þar af tólf á Hótel Sögu og eitt í Noregi.

4 Ég ferðaðist um Frakkland í fjóra mánuði 1995 og vann sem farandverkamaður á vénekrum

5 Ég hef aldrei horft á íslenska Biggest Loser og finnst einstaklega óþægilegt að sjá sjálfan mig í sjónvarpi.

Evert Víglundsson er einn af skipuleggjendum keppinnar.

Mynd / Hákon Davíð Björnsson



Fjöllistaskemmtun með fullorðinsívaði

Á morgun verður burleskhópurinn **Dömur og herra**, sem heldur mánaðarlegar kabarettssýningar, með sérstaka bingósýningu en hópurinn safnar nú fyrir ferðalagi til New York. Margrét Dórothea er meðlimur í sýningunni og verður bingóstjóri kvöldsins

Texti / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir



Margrét Dórothea Jónsdóttir verður bingóstjóri kvöldsins. Mynd / Telma Geirsdóttir

Sýningin og bingóið eru lokahnykkurinn í söfnunarátaki hópsins sem stefnir á burleskþilagrímsferð til New York í lok maí,“ segir Margrét en hluti hópsins er einnig á leið á Brighton Fringe-hátíðina um miðjan maí. Hópurinn samanstendur af fólki úr ólíkum áttum en þar eru til dæmis tölvunarfræðingur, ljósmyndari, blaðamaður, jarðfræðingur og ríkjandi dragdrottning Íslands, Gógó Starr.

„Sýningin samanstendur af ólíkum einstaklingsatriðum sem meðlimir hópsins hafa búið til. Kynnir kvöldsins, Gógó Starr, heldur uppi stemningunni þar á milli og svo til að brjóta þetta upp verða nokkrir bingóleikir. Þeir verða með klassisku sniði, ég er sjálf bingóstjóri kvöldsins og vinningarnir eru alls ekki af verri endanum,“ segir hún en vinningar koma meðal annars frá Nexus, Valkyrie tattústofu, Kramhúsinu og Kormáki og Skildi. „Þar sem sýninguna ber upp á Stjórnustarfsdaginn, 4. maí, munum við sleppa fram af okkur nördabeislinu og vitna í hin ýmsu verk.“

Seiðandi og þokkafull

Aðspurð um hugtakið burlesk segir Margrét það í sjálfu sér regnhlífar-hugtak yfir fjöllistaskemmtun með fullorðinsívaði. „Þar er blandað saman gríni, þokka, undrum mannlíkamans í öllum stærðum og gerðum, tónlist, töfrum og tælingu. Það eru að sjálfsögðu mismunandi stefnur til eins og í öðrum listgreinum. Ein okkar, Maria Callista, er til dæmis framúrskarandi í því sem kallað er klassískt burlesk, einstaklega seiðandi og þokkafull. Sjálf hef ég frekar hallast að nýburleski sem er kannski aðeins minna sexi og aðeins meira skrítið. Nördlesk er svo önnur undirgrein, töluvert nýrri af nálinni, og þá er innblásturinn fyrir atriðin sóttur í poppkultúr, sjónvarpsþætti, bíómyndir, tölvuleiki, hvað sem er.“

Margrét segir að hópurinn mætti kalla ungliðahreyfingu íslensku burlesksenunnar. „Hópurinn varð til á námskeiði hjá Margréti Maack fyrir rúmum tveimur árum og við pössuðum svona ljómandi vel saman,

”

„Þar er blandað saman gríni, þokka, undrum mannlíkamans í öllum stærðum og gerðum, tónlist, töfrum og tælingu.“

eins ólík og við erum innbyrðis. Við höfum því ekki stundað þetta svo lengi og bara eitt okkar, Gógó, hefur þetta að atvinnu, svo við erum ansi frjáls í forminu. Engu að síður höfum við brennandi áhuga og leggjum mikinn metnað í sýningarnar okkar,“ segir Margrét.

Hópurinn ákvað svo að fara saman til New York af því þar er mikil gróska í burleski. „Senan á Íslandi er frábær og ótrúlega blómleg miðað við ungan aldur en það er hollt og gott að fara og upplifa eitthvað nýtt, sjá hvernig aðrir túlka þetta listform og fá innblástur. Við njótum góðs af tengslum við vinaklúbb Reykjavík Kabarett, The Slipper Room, þar sem burlesk er sýnt á hverju kvöldi og stefnum á að fara í tíma í The New York School of Burlesque til að bæta við okkur nýrri tækni. Þar kenna listamenn á heimsmælikvarða,“ segir hún að lokum.

Sýningin verður á Húrra annað kvöld og hefst kl. 21. Bingóspjald fylgir hverjum miða og hægt að kaupa fleiri á 500 kr. stykkið. Húsið opnar klukkutíma fyrir sýningu og hún er bönnuð þeim sem eru yngri en 20 ára.

Margrét Dórothea og Gyða Bjarkadóttir eru báðar meðlimir í burleskhópnum **Dömur og herra**. Mynd / Hrafn Jóna Ágústsdóttir



Tónlist

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Tannlækningar og söngur fara vel saman

Söngkonan og tannlæknirinn Kristín Stefánsdóttir hélt tvöna Burt Bacharach-tónleika í fyrra sem þóttu ákaflega vel heppnaðir. Hún ætlar nú að endurtaka leikinn í Bæjarbíói þann 23. maí næstkomandi en nú með lögum Noruh Jones. Að vanda verður landslið tónlistarmanna með í för og óhætt að lofa glæsilegum viðburði.

„Norah er ljúf og notaleg og við munum vera henni trú en samt setja svip okkar á lögina en það er mikilvægt að setja fingaraf sitt á allt sem maður gerir. Ég er með frábæra tónlistarmenn með mér og Hlynur Þór Agnarsson píanóleikari útsetur lögina,“ segir Kristín.

Tónlistarkonan Norah Jones kom fram á sjónarsviðið árið 2002 með plötunni *Come away with me* sem er blanda af jazz, kántrí og popptónlist. Hún fylgdi henni eftir með plötunni *Feels like Home* árið 2004. „Við munum aðallega flytja lög af þessum tveimur plötum á tónleikunum. Lög eins og *Don't know why*, *Sunrise*,

Come away with me og *Turn me on* munu hljóma á tónleikunum.“

Kristín er tannlæknir og rekur tannlæknastofu í Kópavogi. Hún segir að söngurinn og tannlækningarnar fari alveg ágætlega saman.

„Ég byrjaði að sinna þessari ástríðu minni fyrir um 15 árum síðan. Ég var í söngnámi hér heima og í Danmörku við skóla sem heitir *The Complete Vocal Institute* og ótrúlegir hlutir gerðust í kjölfarið. Þetta er þrotlaus vinna og krefjandi en


alveg ótrúlega skemmtileg. Söngnámi fylgir mikil sjálfsvinna þegar komið er ákveðið langt í náminu en tæknin er auðvitað stór hluti og alltaf hægt að vinna í henni. Það sem mestu máli skiptir er að komast nær kjarnanum í sér og flytja tónlistina eins heiðarlega og manni er unnt. Snerta fólk á þann hátt að það komist nær sínum kjarna, það er takmarkið,“ segir Kristín og bætir við að fólk hafi sagt henni að hún hafi reynst því hvatning til að huga að sinni eigin ástríðu. „Það er ólýsanlega gefandi að heyra það. Heimurinn getur bara orðið betri ef sem flestir sinna sínum hjartans málum. Þó að ég hafi ekki áhrif nema á einn eftir hverja tónleika er það mér samt mikils virði. Það er mikilvægt í stóra samhenginu að fólk sé almennt að fást við það sem það elskar,“ segir Kristín að lokum.



Kristín Stefánsdóttir. Mynd / Ólöf Erla

Tónleikarnir eru sem fyrr segir í Bæjarbíói þann 23. maí næstkomandi og hefjast klukkan hálfnó. Miðasala er á midi.is.

SALAT MÁNAÐARINS Sportskál Þrastar



Toppur fylgir fritt með

2.090 kr



fresco

Suðurlandsbraut 4 og Bláu húsunum Faxafeni



SILAS - TV skenkur
180 cm - 119.000 kr

DREAMS - motta
200 cm - 69.000 kr

NILA - sófaborð
2 í setti - 11.900 kr

NÝ SENDING AF MOTTUM OG FLEIRU FRÁ BY-BOO



SOJI skilrúm
37.500 kr



SULTAN motta
160 x 230 - 39.000 kr



MILA motta
160 x 230 cm - 49.000 kr
200 x 290 cm - 75.000 kr
LUCY púði - 4.500 kr



MILA motta - Yellow
160 x 230 cm - 49.000 kr
200 x 290 cm - 75.000 kr



TOTEM sófaborð
Stærri - 27.500 kr - Minna - 19.500 kr



SIEM sófi - 210 cm
Verð: 175.000 kr
Litir: gulur og grár

habitat 

TEKK
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Síðast en ekki síst

Eftir / Elísabetu Ýri Atladóttur

Að læknast af kvenhatri

■ Ágúst Ólafur Ágústsson ætlar sér að snúa aftur á þing, eftir að hafa tekið launalaust leyfi. Launalausa leyfið tilkynnti hann í desember 2018, í dramatískri Facebook-færslu þar sem hann útlístaði hvað hann ætti erfitt með áfengi og að hann ætlaði í meðferð – já, og að hann hafi verið örlítið óviðeigandi og reynt að kyssa konu án samþykkis hennar. Allt auðvitað misskilningur.

Fljótlega kom í ljós að þetta snerist ekki neitt um smávægilegan misskilning, heldur visvitandi og itrekaða kynferðislega áreitni sem hann sýndi blaðamanni Kjarnans eitt kvöld. Þegar hún neitaði honum brást hann ókvæða við. Niðurlægði hana fyrir að neita honum. Ekkert einfalt fyllirísraus, heldur skýr kynferðisleg áreitni.


Nema hann fór í meðferð! Áfengismeðferð. Gagn því að kynferðislega áreitna? Merki-legt hversu oft það virðist vera nóg fyrir menn að fara í áfengismeðferð eftir að hafa beitt kynbundnu ofbeldi. Allir eiga svo að samþykkja þá sem betri menn fyrir vikið. Menn gætu fallið ef við erum of vanþakklát nefnilega. En því miður getur Ágúst varla snúið aftur á þing með það eitt í kladdanum að hafa farið í áfengismeðferð, þegar áfengið var aldrei vandamálið. Áfengi lætur menn ekki kynferðislega áreitna. Kvenfyrirlitning gerir það. Áfengi lætur menn ekki niðurlægja konu fyrir að neita kynferðislegri viðreynslu hans. Kvenhatur gerir það.

Engin áfengismeðferð mun lækna karla af kvenfyrirlitningu. Það hefur aldrei gert það, en menn hafa notað það til þess að komast upp með brotin sem þeir fremja. Betri menn, því þeir eru ekki lengur fullir. Ágúst Ólafur snýr aftur á þing, edrú, og allir klappa honum á bakið fyrir árangurinn. En áfengi orsakar ekki kvenfyrirlitningu og kvenhatur.

Það er miklu dýpra og flóknara menningar-fyrirbæri sem gerir það. Við köllum það oft feðraveldið. Nauðgunar-menningu. Áfengi er hvorki afsökun né ástæða fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Menn hata konur nefnilega ekkert minna þótt þeir séu edrú.



Ný bók í fótbolta-sögunni miklu!



Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038

RISA

LAGERSPRENTA

20-70%

Opið virka daga
kl. 12-18:30
Laugardag kl. 12-16
Sunnudag kl. 13-17
Takmarkað magn!

2.-5. maí.

Hvíldarstólar

Sófar

10-50%
afsláttur af hvíldarstólum og sófum í verslun meðan á lagersölu stendur

20% afsláttur af mjúkvörum í verslun

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúnum, sófum, náttborðum, koddum, lökum, hótél baðmottum, handklæðum, sængurverasettum o.fl. o.fl.

12 mán.
vaxtalaugar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★

Fimm stjörnu verslun
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30
Laugardag 12:00 - 16:00

*3.5% lántökugjald

★ ÚRVAL BORGARFERÐA ★

RIGA
LETTLAND



28. SEPTEMBER OG 5. OKTÓBER 5 DAGAR
Stærsta borg Eystrasaltsríkjanna

VERÐ FRÁ 77.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

TAMPA - ST. PETE
FLÓRÍDA



20. SEPTEMBER, 11. OKTÓBER OG 1. NÓVEMBER 9 DAGAR
Sólarborgin Tampa og strandparadísin St. Pete

VERÐ FRÁ 179.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GLASGOW
HAUSTFERÐ



26. -30. SEPTEMBER 5 DAGAR
Blómleg verstun og framsækið menningarlíf.

VERÐ FRÁ 122.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

PARÍ
FRÁKKLAND



19. SEPTEMBER, 17. OKTÓBER OG 14. NÓVEMBER 4-5 DAGAR
Ótrúleg saga og sjarmerandi borgarlíf

VERÐ FRÁ 94.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

ZURICH
SWISS



11. -14. OKTÓBER 4 DAGAR
Upplifun, menning og verstun

VERÐ FRÁ 115.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

BERLÍN
ADVENTUFERÐ



28. NÓVEMBER - 1. DESEMBER 4 DAGAR
Fáar borgir hafa annan eins kraft og Berlín.

VERÐ FRÁ 77.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GLASGOW
ADVENTUFERÐ



28. NÓVEMBER - 2. DESEMBER 5 DAGAR
Iðandi stórborg með langa sögu og úrval verzlana

VERÐ FRÁ 125.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

BRUSSEL
ADVENTUFERÐ



29. NÓVEMBER - 2. DESEMBER 4 DAGAR
Glaðværir og skemmtilegir jólamarkaðir

VERÐ FRÁ 77.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

HAMBORG
ADVENTUFERÐ



28. NÓVEMBER - 1. DESEMBER 4 DAGAR
Framsæknasta borg Þýskalands

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

KAUPMANNAHÖFN
ADVENTUFERÐ



22. - 25. NÓVEMBER 4 DAGAR
Upplifðu jólaandann með vínnum okkar dögum

VERÐ FRÁ 118.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

MUNCHEN
ADVENTUFERÐ



28. NÓVEMBER - 1. DESEMBER 4 DAGAR
Sannkölluð gleðiborg

VERÐ FRÁ 114.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

DUBLIN
ADVENTUFERÐ



29. NÓVEMBER - 2. DESEMBER 4 DAGAR
Vinalæg hátíðarstemning

VERÐ FRÁ 89.900 KR.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

FLOGIÐ MEÐ STÆL

PREMIUM SAGA SÆTI, HÁGÆÐA GISTINGAR,
ÞEGAR ÞÚ VILT, EINS OG ÞÉR HENTAR

ICELANDAIR 



**FYRIRTÆKI, KLÚBBAR,
SAMTÖK OG HÓPAR**

**FÁIÐ VERÐTILBOÐ Í
FERÐINA YKKAR**

SENDIÐ PÓST Á HOPAR@UU.IS



HVAÐ VILT ÞÚ UPPLIFA?

ÚRVAL SÉRFERÐA Á FRAMANDI SLÓÐIR



AUSTUR-KARÍBAHAFIÐ, MIÐJARÐARHAFIÐ,
JÓRDANÍA, ÍTALÍA, KÚBA OG FLEIRA!



FYRIRTÆKI, KLÚBBAR, SAMTÖK OG HÓPAR

**FÁIÐ VERÐTILBOÐ Í
FERÐINA YKKAR**

SENDIÐ PÓST Á HOPAR@UU.IS